# FRÉTTABLAÐIÐ

54. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 5. MARS 2019


# Fleiri á móti innflutningi á fersku kjöti

**Rúm 52 prósent eru andvíg tilslökun á reglum um innflutning á ferskum matvælum samkvæmt nýrri könnun. Ráðherra skilur að fólk kjósi íslenskt kjöt en koma þurfi niðurstöðum sérfræðinga betur á framfæri.**

**NEYTENDUR** Meirihluti landsmanna er andvígur því að slakað verði á reglum um innflutning á ferskum matvælum samkvæmt könnun sem Zenter rannsóknir vann fyrir Fréttablaðið. Flestir sem svöruðu sögðust mjög andvígir slíkri tilslökun eða 34,4 prósent en frekar andvígir eru 14,8. Alls segjast því 52 prósent andvíg tilslökun slíkra reglna en rúm 32 prósent ýmist mjög eða frekar fylgjandi henni.

„Ef þessi andstaða byggir á því að fólk kjósi frekar íslenskt kjöt en innflutt þá deili ég þeim skilningi og skil mætavel þá afstöðu. En ef hún byggir hins vegar á spurningum um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna þá tel ég að það þurfi að koma betur á framfæri niðurstöðum sérfræðinga um þau atriði,“ segir Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Könnunin var send á könnunarhóp Zenter rannsókna, 18 ára og eldri um land allt, dagana 28. febrúar og 1. mars. Úrtakið var 3.100 manns og svarendur voru 1.441 eða 46 prósent. Svörin voru vigtuð eftir aldri, kyni og búsetu.

Samkvæmt niðurstöðum hennar er andstaðan mun meiri á landsbyggðinni en á suðvesturhorni landsins og andstaða kvenna er meiri en andstaða karla. Stuðningur við innflutning eykst með menntunarstigi fólks og auknum tekjum. Stuðningur við tilslökun reglna er mestur meðal þeirra sem styðja Viðreisn en minnstur meðal Framsóknarmanna.

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við, segja rangar upplýsingar og jafnvel hræðsluáróður hafa stjórnað umræðunni um innflutning á matvælum og niðurstöðurnar endurspegli þá umræðu. **– aá** **/ sjá síðu 6**

**Afstaða til innflutnings**




# WOW frestar mótframlagi

**VIÐSKIPTI** Vegna bágrar lausafjárstöðu hefur WOW air neyðst til að slá á frest mótframlagsgreiðslum í lífeyris- og séreignarsparnað síðustu þrjá mánuði. Í svari Svanhvítar Friðriksdóttur, upplýsingafulltrúa fyrirtækisins, við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að gengið verði frá greiðslum í þessum mánuði.

„WOW air hefur verið í góðum samskiptum við lífeyris- og séreignarsjóði. Gengið verður frá greiðslum í þessum mánuði. Starfsfólk hefur verið upplýst um stöðuna,“ segir í svari Svanhvítar. Þar er enn fremur tekið fram að aðeins sé um tafir að ræða hvað varðar mótframlag vinnuveitanda. Ekki hafi orðið tafir á greiðslu hvað hlut starfsmanna varðar.

Um er að ræða greiðslur vegna nóvember og desember síðasta árs auk janúar þessa árs en þær eru allar komnar fram yfir eindaga. Gjalddagi vegna greiðslna febrúar er ekki runninn upp. **– jóe** **/ sjá síðu 4**






Pétur Alan Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni, heldur hér á fati hlöðnu saltkjöti. Í dag er sprengidagurinn en þá þykir við hæfi að belgja sig út af söltuðu lambakjöti og súpu úr hálfbaunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI





Létt fargjöld og Klassísk fargjöld innanlands.
Bókanlegt: 6. og 7. mars
Ferðatímabil: 1. maí til 30. sept.
Notaðu kóðann: **SUMAR19**

Air Iceland Connect




Hæg N eða breytileg átt og bjart með köflum, en él á stöku stað. Hiti um eða yfir frostmarki sunnan heiða en 0 til 7 stiga frost annars staðar. SJÁ SÍÐU 14



Öskudagsbúningurinn í ár?

## Margir forvitnir um Hatara-leður

**VIÐSKIPTI** Verslanir sem selja búninga fyrir öskudaginn hafa fengið fyrirspurnir um búninga í ætt við þá sem hljómsveitin Hatari klæðist. Hljómsveitin, sem keppir fyrir Íslands hönd í Eurovision í maí næstkomandi, hefur vakið mikla athygli fyrir óhefðbundinn klæðnað sem einkennist af ólum, latexi og göddum.

„Við höfum alveg fengið fyrirspurnir,“ segir Einar Arnarson í Hókus Pókus á Laugaveginum. „Við erum alveg að selja út af þessu. Augnlinsur, gadda og dótarí. Það er alveg verið að spyrja.“

Valgerður María Gunnarsdóttir í Partýbúðinni í Faxafeni segir óskaplega lítið um Hatara-tengdar fyrirspurnir í aðdraganda öskudagsins. „En við erum alveg undir það búin. Við eigum alltaf eitthvað. Svartar og hvítar linsur, gaddaólar og svartar gasgrímur. Ég á líka ljóshærðar sítt-að-aftan hárkollur. Það er alltaf hægt að bjarga sér.“

Verslunin Adam og Eva, sem hefur líkast til hvað mesta reynslu í sölu á búningum í ætt við Hatara, kannast ekki við neina aukningu á fyrirspurnum á slíkum búningum. Þar á bæ er ekki gert ráð fyrir aukningu á búningasölu fyrir öskudaginn.

„Mér finnst það nú ólíklegt, þetta er svona fullorðinsbúð, við seljum ekki föt á börn þannig að við erum ekki mikið að höfða til þeirra,“ segir Eva í Adam og Evu.

„Það er þó gaman að sjá fjölbreytni í búningum og ef salaokkar eykst í kjölfarið þá fögnum við því.“ **– ab**

## Komu dauðvona álft til bjargar



Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar losuðu áldós úr goggi álftar í gær eftir að ábending barst frá Lindu Hrönn Eggertsdóttur, íbúa í Urriðaholti. „Hún var búin að vera með þessa áldós pikkfasta í allavega viku ef ekki meira,“ segir Linda Hrönn í samtali við Fréttablaðið. Álftin var við dauðans dyr þegar liðsmenn Náttúrufræðistofnunar komu á staðinn en er nú í góðum höndum í Húsdýragarðinum og braggast vel. FRÉTTABLAÐIÐ/LINDA

## Bændur ósáttir við ný lyfjalög

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldi bænda leggst gegn því að heimild dýralækna til reksturs lyfjasölu verði felld úr lögum. Frestur til að gera athugasemdir í samráðsgátt við fyrirhugaðar breytingar á lyfjalögum rann út í gær.

Meðal þess sem frumvarpsdrögin fela í sér er að verðlagning dýralyfja og lyfjasölurekstursheimild dýralækna verði felld brott.

Telja bændur að með þessari breytingu muni verð á dýralyfjum hækka og bændur hugsa sig tvisvar um hvaða dýralæknir verði fyrir fyrirhugaðar meðhöndla þarf sjúkt dýr í skyndi.

Einnig muni breytingin fela í sér að lengri tíma tekur að fá nauðsynleg lyf þar sem apótek séu oft í talsverðri fjarlægð frá heimilum bænda. Biðlað er til stjórnvalda að endurskoða fyrirhugaða breytingu til að tryggja dýravelferð í landinu. **– jóe**

# Mikil uppbygging í Hörgársveit fyrirhuguð

**Þéttbýlið við Lónsbakka gæti stækkað gríðarlega á næstu árum. Íbúafjöldi í Hörgársveit, sem nú er tæplega 600, gæti hækkað í tæplega eitt þúsund á tiltölulega fáum árum. Gert er ráð fyrir að 100 íbúðir verðir byggðar á næstu árum.**

**HÖRGÁRSVEIT** Mikil uppbygging mun eiga sér stað í Hörgársveit í Eyjafirði á næstu árum en gert er ráð fyrir að fjórfalda íbúatölu þéttbýlisins í bæjarfélaginu. Sveitarfélagið nýtur góðs af nálægð við Akureyri og hefur stækkað mikið á síðustu árum.

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar, segir mikinn hug í sveitarfélaginu til að stækka og með því efla þjónustu við íbúa á svæðinu. „Þetta eru um 100 íbúðir sem við ætlum að byggja. Þá áætlum við að það muni fjölga um 300 til 400 í sveitarfélaginu á næstu árum,“ segir Snorri. „Íbúarnir eru um 600 í dag og því erum við að horfa til þess að íbúar verði í lok þessarar uppbyggingar svona rétt um 1.000, eitthvað rétt tæplega.

Hörgársveit varð til við sameiningu Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps árið 2010. Áður höfðu Skriðuhreppur, Glæsibæjarhreppur og Öxnadalshreppur sameinast í Hörgárbyggð í upphafi aldarinnar. Þéttbýli hefur á síðustu árum verið að myndast norðan Akureyrar, í landi Hörgársveitar, og búa nú um 100 manns í þéttbýlinu sem kennt hefur verið við Lónsbakka.

Nú stendur einmitt til að stækka það töluvert. „Með þessari aukningu erum við því að fjórfalda þéttbýliskjarnann okkar. Það verða nokkur viðbrigði þegar þéttbýlið okkar fer úr 100 manns og upp í 400 á tiltölulega fáum árum,“ segir Snorri.

Sveitarfélögin í Eyjafirði hafa á síðustu árum aukið með sér samstarf um ýmsa þætti. Snorri segir það mikilvægt að samskipti sveitarfélaganna séu góð en segist ekki hafa skoðun á því hvort þurfi að sameina sveitarfélögin.




**Frá fyrstu skóflustungunni. Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri ásamt sveitarstjórnarfulltrúum í Hörgársveit.** FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRGÁRSVEIT

> **Með þessari aukningu erum við því að fjórfalda þéttbýliskjarnann okkar. Það verða nokkur viðbrigði.**
>
> Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Sveitarfélagið hefur ætíð verið þannig saman sett að langstærstur hluti íbúa hefur búið á lögbýlum í sveitarfélaginu en nú gæti það farið að breytast. „Með þessum breytingum gæti þetta jafnast eitthvað. Nú erum við hins vegar að skoða að stækka við leikskólann á næstu árum því líklegt þykir að börnum muni fjölga á næstu árum,“ bætir Snorri við.

sveinn@frettabladid.is



# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

## SKEMMTILEGAR FRAMANDI VÖRUR FRÁ
## INSPIRING FOOD




OSTRUSÓSA 219 kr.

BAMBUS 111 kr.

FISKISÓSA 211 kr.

HRÍSGRJÓNA VEFJUR 333 kr.

SÆT CHILI SÓSA 390 kr.

KÓKOSMJÓLK 176 kr.

RISARÆKJUR 483 kr.

CHILI - MAJÓNES 204 kr.

RAUTT KARRÍ PASTE 193 kr.

GRÆNT KARRÍ PASTE 205 kr.

HEILKORNA NÚÐLUR 123 kr.

SOJASÓSA 155 kr.

SUPER 1 - HALLVEIGARSTÍG 1 - 101 REYKJAVIK

# WOW ekki greitt mótframlagsgreiðslur síðustu þriggja mánaða

**VIÐSKIPTI** Vegna bágrar lausafjárstöðu hefur WOW air neyðst til að slá á frest mótframlagsgreiðslum í lífeyris- og séreignarsparnað síðustu þrjá mánuði. Í svari frá Svanhvíti Friðriksdóttur, upplýsingafulltrúa fyrirtækisins, segir að gengið verði frá greiðslum í þessum mánuði.

„WOW air hefur verið í góðum samskiptum við lífeyris- og séreignarsjóði. Gengið verður frá greiðslum í þessum mánuði. Starfsfólk hefur verið upplýst um stöðuna,“ segir í svari Svanhvítar. Þar er enn fremur tekið fram að aðeins sé um tafir að ræða hvað varðar mótframlag vinnuveitanda. Ekki hafi orðið tafir á greiðslu hvað hlut starfsmanna varðar.

Um er að ræða greiðslur vegna nóvember og desember síðasta árs auk janúar þessa árs en þær eru allar komnar fram yfir eindaga. Gjalddagi vegna greiðslna febrúar er ekki runninn upp. Ábyrgðarsjóður launa ábyrgist ekki greiðslur vegna mótframlags atvinnurekanda.

**»Um er að ræða greiðslur vegna nóvember og desember síðasta árs auk janúar þessa árs.**

Staða WOW air hefur verið slæm undanfarið og fyrir áramót greip fyrirtækið til þess ráðs að segja upp um 350 starfsmönnum í hagræðingarskyni. Um skeið leit út fyrir að Icelandair myndi eignast félagið en undanfarið hafa staðið yfir samningaviðræður milli eigenda þess og Indigo Partners um kaup síðarnefnda aðilans á flugfélaginu. Áætlað var að þeim myndi ljúka í lok síðasta mánaðar en þann 28. febrúar barst tilkynning um að sá frestur yrði framlengdur til 29. mars. Þá skuldar WOW air ISAVIA einnig háar fjárhæðir vegna ýmissa gjalda. Í nýlegu svari samgönguráðherra við fyrirspurn segir að viðskiptakröfur að fjárhæð 1,7 milljarðar króna hafi verið komnar fram yfir gjalddaga árið 2017. Tölur fyrir 2018 liggja ekki fyrir. Ekki hefur verið gert opinbert hve stór hluti þeirra krafna er til kominn vegna WOW air. **– jóe**



**Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.**

## Niðurstöðu að vænta á morgun

**KJARAMÁL** Málflutningur fór fram í gær máli Samtaka atvinnulífsins (SA) gegn Eflingu stéttarfélagi fyrir Félagsdómi. SA höfðuðu mál gegn Eflingu vegna fyrirhugaðs verkfalls hreingerningafólks næstkomandi föstudag. Samkvæmt upplýsingum frá Halldóri Benjamín Þorbergssyni, framkvæmdastjóra SA, er niðurstaða dómsins væntanleg á miðvikudaginn.

Bæði er þess krafist í kröfum SA að verkfallið verði dæmt ólögmætt og að Efling verði dæmd til að greiða sekt í ríkissjóð.

Spurður hvort hann hafi tilfinningu fyrir niðurstöðu dómsins segir Halldór í samtali við Fréttablaðið að samtökin myndu aldrei fara þessa leið ef þau væru ekki viss í sínu máli.

Í gær hófust atkvæðagreiðslur hjá Eflingu um frekari verkfallsaðgerðir hjá bæði starfsfólki hótela og hópbifreiða, þar með talið vagnstjóra Strætó. Atkvæðagreiðslunni lýkur næsta laugardag. Aðeins þeir sem verkföllin taka til hafa atkvæðisrétt. **– la**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Segir foreldrana eiga mikið hrós skilið fyrir viðbrögðin

**Ellefu mánaða barn greindist með mislinga um helgina. Barnalæknir segir foreldrana eiga hrós skilið fyrir viðbrögðin. Barninu var haldið heima og önnur börn voru ekki í smithættu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Valtýr Stefánsson Thors, sérfræðingur í barnalækningum, segir að foreldrar 11 mánaða barns sem greindist með mislingasmit um helgina eigi mikið hrós skilið fyrir hvernig þau brugðust við.

Talið er að smit barnsins megi rekja til smitbera sem kom til landsins frá Filippseyjum þann 14. febrúar síðastliðinn. „Foreldrar barnsins eiga mikið hrós skilið. Þau höfðu haft barnið heima allan þennan tíma, ekki farið með það í daggæslu áður en það verður lasið. Mjög sterkur leikur hjá þeim. Svo þegar það kemur á Barnaspítalann á laugardaginn þá er enginn í snertingu við barnið eða nánu samneyti. Enginn á biðstofunni og enginn í sama herbergi, þannig að smithættan var mjög lítil,“ segir Valtýr.

Mislingar eru veirusjúkdómur sem er afar smitandi eftir að einkenni koma fram. Sjúkdómurinn getur verið hættulegur og valdið dauða, en er mildur í flestum tilfellum. Í kringum 10 prósent barna sem smitast geta fengið alvarlega fylgikvilla. Erfitt er að bera kennsl á mislinga fyrr en það birtast einkennandi útbrot.

„Manni bregður í brún en á sama tíma er maður búinn að vera að bíða eftir þessu. Það eru mislingafaraldrar úti í Evrópu og víðar, það var bara tímaspursmál hvenær þetta myndi gerast,“ segir Valtýr. Hann segir Barnaspítalann nokkuð vel undirbúinn fyrir utan að það vantar betri aðstöðu til að taka á móti sýkingum sem bera með sér mikla smithættu.

Börn eru bólusett fyrir mislingum við 18 mánaða aldur og aftur 12 ára. Valtýr telur ekki ástæðu til að endurskoða það fyrirkomulag en sem komið er, mikilvægt sé þó að bólusetja börn undir 18 mánaða áður en þau ferðast til staða þar sem faraldur er í gangi. Miðað við stöðuna í dag sé það nánast hvar sem er utan landsteinanna.

Metfjöldi mislingatilfella greindist í Evrópu í fyrra. Í ágúst höfðu 41 þúsund smitast samanborið við 24 þúsund allt árið þar á undan. Aðspurður hvort það vaxandi fyrirbæri meðal foreldra í Bandaríkjunum og Evrópu að láta ekki bólusetja börnin sín stefni íslenskum börnum í lífshættu segir Valtýr svo vera. „Já. Það er einfaldlega þannig.“ **arib@frettabladid.is**



**Bólusett er fyrir mislingum við 18 mánaða aldur. Valtýr hvetur foreldra til að fresta því ekki.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Fimm mislingasmit á þremur árum

Síðastliðin þrjú ár hafa mislingasmit ítrekað komið upp um borð í flugvélum sem haft hafa viðkomu hér á landi, smit á árunum 2016 til 2019 eru orðin fleiri en á árunum 1996 til 2016.

- Ágúst 2016. Mislingar greindust í barni sem millilenti hér á landi á leið frá Kanada til Englands. Einn óbólusettur Íslendingur veiktist sem var í sömu vél.
- Mars 2017. Níu mánaða gamalt barn veiktist við heimkomu frá Taílandi. Tvíburabróðir barnsins veiktist svo hálfum mánuði síðar hér á landi. Bræðurnir voru óbólusettir vegna ungs aldurs.
- Október 2017. Íslendingur sem dvaldist í Bangladess veiktist eftir heimkomu. Hann var bólusettur gegn mislingum sem gerði það að verkum að hann fékk aðeins væg einkenni.
- Sumarið 2018. Tvö mislingasmit voru staðfest um borð í vélum sem millilentu hér á landi á leið yfir Atlantshafið. Engir Íslendingar smituðust.
- 14. febrúar 2019. Smitberi kemur til Íslands frá Filippseyjum.
- 2. mars 2019. Ellefu mánaða barn greint með mislinga á Barnaspítala Hringsins.




# Nýr lúxusjeppi hækkaði hlunnindi

**KJARAMÁL** Bifreiðahlunnindi forstjóra Landsvirkjunar, Harðar Arnarsonar, hækkuðu úr 87 þúsund krónum í tæpar 220 þúsund krónur á mánuði í fyrra og heildarlaunakostnaður hans fer því úr rúmum 3,2 milljónum í tæpar 3,5 milljónir.

Landsvirkjun útvegar forstjóranum bifreið samkvæmt starfskjörum hans og eru hlunnindin metin samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra. Í fyrra var ákveðið að skipta út 13 ára gömlum Land Cruiser 100 sem forstjórinn hafði til afnota og fékk Hörður í staðinn nýjan Audi Q7 e-tron dísil/rafmagnstvinnlúxusjeppa. Kaupverð hans var 10,6 milljónir í desember 2017 og gamli jeppinn seldur á rúmar fjórar milljónir á móti. Kostnaður Landsvirkjunar við skiptin nam því tæpum 6,6 milljónum samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu.

Nýrri og dýrari bíll þýðir að kostnaður vegna bifreiðahlunninda hans hækkaði sömuleiðis. Fréttablaðið óskaði eftir sundurliðun á greiðslum til forstjórans en í nýbirtum ársreikningi félagsins er tekið sérstaklega fram að grunnlaun Harðar hafi ekki hækkað síðan hann fékk umdeilda 58 prósenta launahækkun á einu bretti 1. júlí 2017. Hins vegar má sjá í ársreikningum að samtala launa og hlunninda hækkaði milli ára. Þau svör fengust hjá Landsvirkjun að þessa hækkun milli ára mætti rekja til hærri bifreiðahlunninda forstjórans vegna nýja bílsins og einhvers gengismunar, en Landsvirkjun gerir upp í dollurum.

Grunnlaun forstjóra Landsvirkjunar eru því eftir sem áður 3.207.294 krónur frá því í júlí 2017 þegar stjórnin taldi sig þurfa að efna ráðningarsamning Harðar og hækka launin. **– smj**



**Kjör forstjóra Landsvirkjunar komust í hámæli á síðasta ári vegna ríflegrar launahækkunar sem hann hafði hlotið árið áður.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Audi Q7 e-tron dísil/rafmagnstvinnbíll er glæsilegur jeppi.**




KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA
OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

sushi social

CARNIVAL

fimmtudaginn 7. mars



CARNIVAL RÉTTIR Á HÁTÍÐARVERÐI

ÞÉR ER BOÐIÐ Í CARNIVAL FIMMTUDAGINN 7. MARS

Sigga Kling, DJ Goggi, Gnúsi Yones og Steinunn úr Amabadama, brasilíska dansdrottningin Josy Zareen og fleiri frábærir gestir halda uppi sjóðheitri sambastemningu.

SMÁRÉTTIR

| | |
|---|---|
| Spínatsalat | 1.490 kr. |
| Nautatataki | 1.490 kr. |
| Humarvindill | 1.590 kr. |
| Laxa ceviche | 1.590 kr. |
| Nauta Anticucho | 1.690 kr. |
| Nautalund | 2.290 kr. |

DJÚSÍ SUSHI

| | |
|---|---|
| Surf'n turf – 4 bitar | 1.690 kr. |
| Volcano – 6 bitar | 1.990 kr. |
| Samba – 4 bitar | 1.590 kr. |

EFTIRRÉTTUR

| | |
|---|---|
| Súkkulaði fudge | 1.290 kr. |

PERONI SOCIAL BJÓR 990 KR.

CARNIVAL KOKTEILAR 1.990 KR.

Þú mátt ekki missa af þessu!
Borðapantanir á sushisocial.is og í síma 568 6600.

Sushi Social
Þingholtsstræti 5 • 101 Reykjavík



# Segja hræðsluáróðri beitt gegn neytendum

**Talsmenn Evrópusinnaðra flokka á Alþingi segja neikvæða afstöðu til innflutnings á ferskum matvælum sýna að réttar upplýsingar þurfi að komast betur á framfæri. Ráðherra segir þó skilning á stöðu stjórnvalda fara vaxandi.**

**NEYTENDUR** „Þessar niðurstöður sýna að við þurfum að standa okkur betur í að koma réttum upplýsingum á framfæri og spyrna fótum við þessum kerfisbundna hræðsluáróðri sem stundaður hefur verið gegn aukinni fjölbreytni og samkeppni á matvælamarkaði,“ segir Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, um viðhorf landsmanna til innflutnings á ferskum matvælum, eins og þau birtast í nýrri könnun sem unnin var fyrir Fréttablaðið.

Rúmur þriðjungur landsmanna, eða 34,4 prósent er mjög andvígur því að slakað verði á reglum um innflutt matvæli og tæp 15 prósent til viðbótar frekar andvíg, samkvæmt könnun sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið.

**Tíu prósent þeirra sem styðja Framsóknarflokkinn eru hlynnt tilslökun reglna um innflutning á ferslum matvælum.**

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, tekur undir og segir umræðuna verða að fara á hærra plan og úr þeim áróðri að það sem að utan komi sé skaðlegt og hættulegt. „Umræðan verður að vera heiðarleg í stað þess hræða fólk til að koma á viðskiptahindrunum sem fela í sér stórskerta neytendavernd.“

Sé litið til stuðnings við stjórnmálaflokka eru stuðningsmenn Viðreisnar og Samfylkingar líklegastir til að vera hlynntir innflutningi, eða tæp 60 prósent stuðningsmanna Viðreisnar og 53 prósent stuðningsmanna Samfylkingar. Fast á eftir koma stuðningsmenn Pírata sem styðja tilslökun á reglum um innflutning í 52 prósentum tilvika.

Meiri andstaða er í öðrum flokkum.

Í Vinstri grænum eru 67 prósent stuðningsmanna andvíg tilslökun um en 19 prósent fylgjandi. Hvorki né segja 14 prósent.

Rétt rúmur helmingur stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins, 52 prósent, er andvígur tilslökunum en margir þeirra taka ekki afstöðu og einungis 32 prósent þeirra segjast hlynnt þeim.

Andstaða við innflutninginn er þó mest meðal stuðningsmanna Framsóknarflokksins þar sem einungis 10 prósent eru hlynnt innflutningi á ferskum matvælum. Litlu fleiri eru hlynntir innflutningi í Miðflokknum eða 15 prósent. Frumvarpsdrög ráðherra um afnám frystiskyldu innflutts kjöts og heimild til innflutnings á fersku kjöti er til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda en drögin hafa valdið nokkru fjaðrafoki, einkum í grasrót Framsóknarflokksins.

„Fólk er enn að móta sér afstöðu og koma fram með athugasemdir. Við munum svo fara aftur yfir allar þær athugasemdir og gera það sem við getum til að styðja okkar málstað betur ef hægt er,“ segir Kristján Þór Júlíusson, ráðherra landbúnaðarmála. Hann segist finna fyrir vaxandi skilningi á því að stjórnvöld verði að bregðast við dómum Hæstaréttar og EFTA-dómstólsins.

„Það sem er kannski stærsta hagsmunamálið, og snýr beint að neytendum, er sú staðreynd að EES-samningurinn væri í uppnámi ef stjórnvöld heimila ekki innflutning á fersku kjöti. EES-samningurinn hefur reynst neytendum gríðarlega mikilvægur og eflaust eru fæstir sem vilja segja honum upp,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, formaður Neytendasamtakanna. Hún segir stjórn samtakanna enn ekki hafa tekið afstöðu til frumvarpsdraganna en samtökin hafi gegnum tíðina verið hlynnt auknu frelsi í innflutningi á landbúnaðarvörum, bæði vegna aukinnar samkeppni sem gagnast neytendum og meira vöruúrvals.

**adalheidur@frettabladid.is**

### Spurt um innflutning

Hversu hlynntur eða andvígur ertu því að slakað verði á reglum um innflutning á ferskum matvælum í samræmi við EES samninginn?



| | |
|---|---|
| Mjög hlynntur | 15,2% |
| Frekar hlynntur | 15,1% |
| Hvorki né | 14,7% |
| Veit ekki eða vil ekki svara | 5,8% |
| Frekar andvígur | 14,8% |
| Mjög andvígur | 34,4% |

### Afstaða eftir búsetu

| | Hlynntur | Hvorki né | Andvígur |
|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 39% | 17% | 45% |
| Reykjanes | 44% | 12% | 45% |
| Vesturland | 24% | 13% | 63% |
| Vestfirðir | 3% | 14% | 83% |
| Norðurland | 13% | 15% | 72% |
| Austurland | 21% | 15% | 64% |
| Suðurland | 13% | 14% | 73% |

### Stuðningur eykst með menntun og tekjum

Samkvæmt könnuninni eykst stuðningur við innflutning á ferskum matvælum með aukinni menntun en þó eru einungis 42 prósent þeirra sem mesta menntun hafa fylgjandi tilslökunum á reglunum.

Stuðningur eykst jafnt og þétt eftir því sem tekjur hækka með þeirri undantekningu að minni andstaða er meðal þeirra sem hafa allra lægstu tekjurnar, undir 200 þúsundum. Í þeim hópi eru einnig flestir þeirra sem ekki taka afstöðu.

Afstaðan er nokkuð breytileg eftir aldri en andstaðan þó langmest meðal þeirra sem eru 65 ára og eldri en í þeim hópi eru einungis 20 prósent fylgjandi tilslökunum.

Þá er andstaða við tilslökun meiri meðal kvenna en karla en þær eru einnig líklegri en karlarnir til að taka ekki afstöðu til álitaefnisins.

# Versnandi samband Kanada og Kína

**KÍNA** Yfirvöld í Kína hafa ákært Kanadamennina Michael Kovrig, fyrrverandi erindreka, og Michael Spavor athafnamann fyrir njósnir. Ákærurnar eru hluti af versnandi samskiptum ríkjanna tveggja en Kovrig og Spavor voru handteknir í desember eftir að Kanadamenn handtóku Meng Wanzhou, fjármálastjóra kínverska tæknirisans Huawei.

Kovrig er nánar tiltekið sakaður um „njósnir og að stela ríkisleyndarmálum fyrir erlenda aðila“ og Spavor á að hafa „gefið Kovrig upplýsingar“.

Einnig dró til tíðinda á hinni hlið málsins í gær. Greint var frá því að Meng hefði á föstudag höfðað einkamál gegn kanadísku ríkisstjórninni, landamæragæslu og lögreglu fyrir „alvarleg brot“ á grundvallarmannréttindum sínum. Hún sakar yfirvöld um að hafa leitað á sér og yfirheyrt undir fölsku yfirskini.




**Deila Kanadamanna og Kínverja snýst að mestu um Huawei.** NORDICPHOTOS/GETTY

Meng var handtekin að beiðni Bandaríkjamanna en þar sætir hún, líkt og fyrirtækið, ákæru fyrir meðal annars bankasvindl. Hún er enn í Kanada, var látin laus gegn tryggingu, en mætir fyrir dóm á morgun þar sem til stendur að kveða upp úrskurð um hvort Kanadamenn megi framselja hana suður til Bandaríkjanna. Ef svo er mun dómsmálaráðherra Kanada taka endanlega ákvörðun um hvort hún verður framseld.

Kínverjar hafa lagst gegn framsalinu. Samkvæmt BBC hafa þeir sagt að um sé að ræða „misnotkun á tvíhliða framsalssamningi“ og tjáð Kanadamönnum alvarlegar áhyggjur sínar af stöðunni. Einnig hafa þeir líkt ásökununum gegn Huawei við nornaveiðar. **– þea**

# SETTU SKIPULAG Á VERKFÆRIN

**TILBOÐ**

## BAKPOKI FATMAX

Fyrir verkfæri með 50 hólfum.
Vatnsheldur botn.
Þyngd: 2,21 kg
Hæð: 46 cm
Þykkt: 27 cm
Breydd: 36 cm
vnr 93195611

**10.589** m/vsk

Fullt verð 13.236



**TILBOÐ**

## VAGN MEÐ ÞREMUR TÖSKUM

Vagn með 3 töskum
Hægt er að læsa töskum við vagn
Vagninn ber allt að 120Kg á botnplötunni.

vnr 94TS170349

**66.837** m/vsk

Fullt verð 83.546




**TILBOÐ**

## TASKA T-STAK

Góð taska sem hentar vel sem hirsla undir rafmagnsverkfæri. Taskan er 13,5 ltr að rúmmáli og mælist 440x176x331 mm að innanmáli.

vnr 94DWST1-70703

**7.898** m/vsk

Fullt verð 9.873



**TILBOÐ**

## OPIN TASKA TOUGH SYSTEM

Sterk taska sem hentar vel fyrir rafmagnsverkfæri og stór handverkfæri

vnr 94DWST1-75654

**9.724** m/vsk

Fullt verð 12.155




**TILBOÐ**

## TASKA T-STAK MEÐ SKÚFFUM

Taska með 2 skúffum sem eru niður hólfaðar, hentar mjög vel fyrir smáhluti.
Hægt er að fjarlægja spjöldin sem skipta skúffunum niður í hólf.
vnr 94DWST1-70706

**10.551** m/vsk

Fullt verð 13.189



**TILBOÐ**

## TOUGHSYSTEM KERFI Í BÍL

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 8 - 32mm
Framlengingar: 5" & 10"
T-Skaft, liður.
Framlenging með LED ljósi.

vnr 94DWST1-81045

**56.103** m/vsk

Fullt verð 70.128



**TILBOÐ**

## TASKA T-STAK DJÚP

23 ltr taksa fyrir handvek-færi og rafmagnsverk-færi. Í töskunni er bakki fyrir smærri hluti.

vnr 94DWST1-71195

**10.272** m/vsk

Fullt verð 12.839



**TILBOÐ**

## TASKA TOUGH SYSTEM

Vatnsheld og þolir 30 Kg
Hægt að læsa tösku með hengilás. Hægt að festa töskur saman. 8 hólf sem hægt er að taka úr tösku. 2 hólf í loki fyrir bora og aðra smáhluti.
vnr 94TS170321

**9.974** m/vsk

Fullt verð 12.468




**TILBOÐ**

## SMÁHLUTABOX T-STAK

Taska með 2 stórum boxum og 5 litlum boxum. Hentar vel til að geyma hverskonar aukahluti. Lokið á töskunni er glært þannig að auðvelt er að gera sér grein fyrir hvað er í boxunum.
vnr 94DWST1-71194

**6.793** m/vsk

Fullt verð 8.491




**TILBOÐ**

## TASKA TOUGH SYSTEM

Sterk taska. Vatnsheld og þolir 50 KG. Bakki fyrir smáverkfæri. Hólf fyrir skrúfjárn/sporjárn. Hægt að læsa tösku með hengilás. Hægt að festa töskur saman..
vnr 94TS170323

**13.635** m/vsk

Fullt verð 17.044



# Andvaraleysi



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Til að viðhalda hjarðónæmi gegn mislingum þarf hlutfall ónæmra í hverju samfélagi – það er þeirra sem eru bólusettir og þeirra sem áður hafa smitast – að vera á bilinu 90 til 95%. Hjarðónæmi er dýrmætur og einstakur ábati sem rekja má til tveggja ólíkra, en þó nátengdra, þátta: annars vegar skilvirks bóluefnis og hins vegar öflugrar þátttöku í bólusetningu.

Hjarðónæmi er, eins og svo margt sem er okkur dýrmætt, erfitt að öðlast en auðvelt að glata. Hér á Íslandi hefur öflug þátttaka í bólusetningum undanfarin ár skilað öflugri vernd fyrir þá sem ekki geta fengið bólusetningu sökum ungs aldurs eða veikinda.

Þó svo að hér sé lítil hætta á víðtækri útbreiðslu mislinga, þá hefur þátttaka í bólusetningum farið minnkandi undanfarið. Í 18 mánaða bólusetningu fyrir mislingum, hettusótt og rauðum hundum (MMR) árið 2015 var þátttakan á bilinu 83 til 92 prósent eftir landshlutum. Augljóslega er þetta ekki viðunandi þátttaka, þá sérstaklega í ljósi þess sem nú er að gerast beggja vegna Atlantsála, og raunar í flestum heimshornum, þar sem á undanförnum árum hefur orðið ískyggileg aukning í mislingasmiti. Aukning sem í raun ógnar þeim góða árangri sem náðst hefur í baráttunni við mislinga.

Tilfelli eins og það sem Fréttablaðið greinir frá í dag, þar sem 11 mánaða gamalt barn var greint með mislinga á Barnaspítala Hringsins eftir að hafa setið í flugvél með einstaklingi með smitberandi tilfelli sjúkdómsins, gefur ekki tilefni til hræðslu eða ótta um það sem koma skal í þessum efnum. Sem stendur eru varnir okkar gegn mislingum öflugar. En sá grunnur sem þessar varnir eru reistar á verður æ veikari.

Þannig er tilfelli barnsins, sem nú er í góðum höndum lækna og heilsast vel, fyrst og fremst áminning um það nauðsynlega markmið að viðhalda öflugu hjarðónæmi hér á landi.

Skiptar skoðanir eru um það hvaða leið sé best þegar kemur að því að tryggja góða þátttöku í bólusetningum. Sumir vilja neyða fólk til þátttöku, ýmist með lögum eða hótunum um félagslega útskúfun með því að gera bólusetningu skilyrði fyrir skólagöngu. Þó mikið sé í húfi þá ætti fyrst að beita öðrum og mildari aðferðum, eins og betri fræðslu um bólusetningar og smitsjúkdóma, og skilvirkari skráningu og eftirfylgni af hálfu heilsugæslunnar. Jafnframt þarf nauðsynlega að varpa ljósi á það af hverju þátttaka í bólusetningum á Vestfjörðum var aðeins 83 prósent árið 2015, og 89 prósent á Suðurnesjum.

Þannig er markmiðið ekki aðeins það að halda tilfellum mislinga í lágmarki, heldur að bægja frá enn svæsnari sýkingu sem felst í andvaraleysi gagnvart þeim árangri sem náðst hefur. Til að varnir okkar gegn mislingum haldist viðunandi þá verður að fræða þá sem ekki vita að veiran er alvarlegur sjúkdómur sem enginn þarf að þjást af og að bóluefni er besta leiðin til að ná þeim árangri.

**Sá grunnur sem þessar varnir eru reistar á verður æ veikari.**


# BANNER-UP STANDAR



**Ódýr og einföld leið til að kynna þína vöru.**

XPRENT HÖNNUN OG MERKINGAR
Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Abbababb ...**

**Klaustursþingmenn eru ekki einir um að geta lyft sér á kreik svo eftir sé tekið. Þannig stal Viðreisnarþingfólkið Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Þorsteinn Víglundsson og Jón Steindór Valdimarsson senunni á milliþingi flokksins um helgina þegar þau sungu sérsaminn íslenskan texta við Mama Mia með miklum tilþrifum í glansandi ABBA-herklæðum. Kynjahlutföllin voru á sínum tíma hnífjöfn í sænsku súpergrúppunni og Viðreisnarfólkið hélt þeim óbreyttum. Eitthvað sem er ekki á færi fjölmennasta stjórnarandstöðuflokksins þar sem í þingliði Miðflokksins eru ekki nógu margar konur í til þess að manna ABBA-eftirhermu.**

**Sniðmengi óttans**

**Þótt Hatari hafi rústað Söngvakeppninni eru nokkur sniðmengi full af fólki sem hefur blýþungar áhyggjur af að Hatari muni stórskaða orðspor Íslands á vettvangi alþjóða. Blaðamaðurinn Jakob Bjarnar Grétarsson rýndi í þessi mengi á Facebook og greindi „verulega fylgni" á milli hinna óttaslegnu og grjótharðra stuðningsmanna Davíðs Oddssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Báðir eru þeir frægir að endemum úti í hinum stóra heimi. Sigmundur fyrir Panamaskjölin og Davíð komst í 25 manna fjölþjóðlegan hóp sem kenna mætti um hrunið mikla 2008. thorarinn@frettabladid.is**

# Þruman er að boða okkur stríð



Bubbi Morthens
skáld og tónlistarmaður

Hvernig geta menn verið hissa á því að það sé lítil sem engin virðing borin fyrir alþingismönnum eða ráðherrum? Við verðum ítrekað vitni að mögnuðum atvikum sem vekja upp sorg og vanmátt sem brýst út og verður oft að reiði.

Auðkýfingur með ítök og tengsl inn í Sjálfstæðisflokkinn skrifar sjávarútvegsráðherra bréf og biður hann um að koma því í kring að hann geti stundað sínar hvalveiðar. Honum verður að ósk sinni eins og ekkert sé. Annar auðmaður ásamt fyrrverandi forseta Alþingis sem er talsmaður Norðmanna er eiga nærri öll laxeldisfyrirtæki á Íslandi hefur nánast óheftan aðgang að þingmönnum og ráðherrum í gegnum sitt fólk. Báðir þessir ágætu menn hafa ítök og vinatengsl inn í Sjálfstæðisflokkinn. Þeir hafa samband við þá sem ráða og segja: Það eru einhver ráðuneyti að pönkast í laxeldinu fyrir vestan og hafa fellt niður leyfin þeirra. Er ekki hægt að laga þetta?

Slagorð þeirra verður: „Björgum Vestfjörðum!" Og á nokkrum dögum fer áróðursmaskína í gang og sjávarútvegsráðherra breytir einfaldlega lögum til að bjarga Vestfjörðum og kannski einhverjum öðrum í leiðinni. Því um daginn voru nokkrir einstaklingar að selja Norðmönnum hluta sinn í laxeldisfyrirtæki. Sumir fengu á annan milljarð í vasann en „Björgum Vestfjörðum" fékk ekkert.

Við erum æði mörg sem horfum á og hugsum: Ætlar enginn að gera neitt? Ætlar enginn að stoppa svona skítamix?

Á sama tíma og virðing Alþingis er í frjálsu falli mæta Klaustursmenn galvaskir aftur á þing og segja haldið kjafti með glott á vör. Og við sem stöndum utan við og horfum og hlustum erum orðlaus.

Alþingi er algjörlega rúið virðingu og ráðamenn margir sömuleiðis. Og svo eru menn hissa á að alþýðan sé reið. Menn skulu ekki vera hissa þótt himnarnir ræski sig.

Þruman er að boða okkur stríð.

**Við erum æði mörg sem horfum á og hugsum: Ætlar enginn að gera neitt? Ætlar enginn að stoppa svona skítamix?**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sprengidagar



Skúli Ólafsson
sóknarprestur í Neskirkju

Allt á sér sögu og bakgrunn. Þessir tímar áts sem nú standa yfir, eru leifar af kjötkveðjuhátíð. Vikurnar fram undan, allt til páska, kallast fasta. Sú var tíðin að þá reyndi fólk að lifa og eta sparlega, gæta hófs. Þannig var það í það minnsta í gyðingdómi og í kristnum sið.

Áður en einhver þakkar Guði fyrir að vera laus undan valdi presta og spámanna, er rétt að skoða þetta örlítið nánar.

Fastan er náttúruleg og vistvæn. Í gamla sveitasamfélaginu var hún lífsbjörg. Þau sem hámuðu í sig ket um þetta leyti árs átu sig og afkomendurna út á gaddinn. Þegar vetur var senn á enda liðinn þá var þröngt í búi og undaneldisgripirnir einir eftir. Þeir gefa ekki mikið af sér, eftir ferðalag um meltingarveg eigenda sinna. Þess vegna lét fólk kjötið eiga sig.

Nú eru veisludagar. Í gær átum við rjómabollur, í dag er sprengidagur og á morgun er öskudagur með sætindum og fjöri. Kjötkveðjuhátíðin er í fullu gildi hjá okkur, en við sleppum föstunni! Allir okkar dagar eru sprengidagar. Við sprengjum öll mörk og látum eins og næstu tímar og kynslóðir komi okkur ekki við.

Jörðin stynur undan ágangi okkar, í lofti, á láði og legi. Þar er ekkert undanskilið og Íslendingar munu vera mestu umhverfissóðarnir. Velmegunin er ekki hættulaus heldur. Nú deyja fleiri úr velmegun en í stríði. Hitt er verra, að að við lifum um efni fram, þegar litið er til þess hvað jörðin okkar getur þolað.

Þegar við erum búin að skola út saltinu eftir veisluhöld kvöldsins og klára síðustu karamellurnar í grímuklædd börnin, legg ég til að við pælum í föstunni. Veltum því fyrir okkur hvort það er ekki kominn tími til að minnka veisluna, fækka veisludögum svo að eitthvað verði til skiptanna fyrir börnin okkar og afkomendur þeirra.

# Kjarapakki



Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Í dag leggjum við til í borgarstjórn tillögu um bætt kjör heimilanna í borginni. Við leggjum til að launaskattur borgarinnar; útsvar, verði lækkað. Við leggjum til lækkun á gjöldum heimilanna, en Orkuveitan er í eigu borgarinnar. Þessar aðgerðir geta skilað heimili með tveimur fyrirvinnum aukningu upp á 120 þúsund krónur eða sem nemur 200 þúsund krónum fyrir skatta á ári. Þá leggjum við til að Keldnalandið verði skipulagt undir hagstætt húsnæði, stofnanir og fyrirtæki án tafar eða fyrirvara. Ríkið getur ekki skipulagt Keldnalandið. Það er í höndum borgarinnar.

Lækkun byggingargjalda getur lækkað húsnæðiskostnað nýbyggðra íbúða um 100 þúsund krónur á ári til viðbótar. Borgin tekur meira af launafólki en ríkið og hærri fjárhæð en nágrannasveitarfélögin. Fyrir því eru engin rök, enda ætti Reykjavík að vera hagstæðasta einingin sem langstærsta sveitarfélagið.

**Borgin tekur meira af launafólki en ríkið og hærri fjárhæð en nágrannasveitarfélögin. Fyrir því eru engin rök, enda ætti Reykjavík að vera hagstæðasta einingin sem langstærsta sveitarfélagið.**

Þá var gjaldskrá Orkuveitunnar hækkuð mikið eftir bankahrunið. Í stað þess að greiða út milljarða í arð, leggjum við til gjaldskrárlækkun. Lækkun gjalda hjá Orkuveitunni hefur jákvæð áhrif á lánavísitölur til lækkunar. Það eru viðbótaráhrif sem skipta máli. Allt miðar þetta að því að bæta kjör fólksins sem býr í borginni. Bætt launakjör, lægri kostnaður heimilanna, hagstæðara húsnæði og áhrif til lækkunar verðtryggðra lána. Hér getur borgin lagt lóð á vogarskálarnar. Og það nokkur. Á sama tíma gerum við borgina samkeppnishæfari, en margir hafa farið til nágrannasveitarfélaganna, út á land eða til annarra landa. Við viljum að borgin sé fyrsti kostur. Hér geti ungt fólk eignast húsnæði og haft bættan kaupmátt.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vonast til að sem flestir í borgarstjórn sameinist um þennan kjarapakka. Borgin hefur farið of langt í að leggja álögur á fólkið í borginni. Nú er kominn tími til að breyta til hins betra.

www.ils.is 569 6900 09:00–16:00

Opið er fyrir umsóknir um stofnframlög

Íbúðalánasjóður

Auglýst er eftir umsóknum fyrir árið 2019 um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

**Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:**
- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

**Auk þess verður lögð áhersla á:**
- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergjafjölda varðar sbr. viðmiðunarstærðir.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.
- Íbúðir sem uppfylla þarfir íbúa á hverju svæði.
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

**Viðmiðunarstærðir**
Við úthlutun verður horft til þess að íbúðir séu að jafnaði ekki stærri en eftirfarandi tafla segir til um:

| Fjöldi herbergja | Hámarksstærð m.v. herbergjafjölda |
|---|---|
| Einstaklingsíbúð | 50 m² |
| 2ja herbergja íbúð | 60 m² |
| 3ja herbergja íbúð | 80 m² |
| 4ra herbergja íbúð | 95 m² |
| 5 herbergja íbúð | 110 m² |

Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu sjóðsins. Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl 2019. Til þess að hægt sé að meta umsókn þurfa öll gögn skv. 14. gr. reglugerðar nr. 555/2016 að skila sér innan umsóknarfrests.

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.**

**Umsóknarfrestur:**
5. apríl 2019



## Stjarnan hafði betur í toppslagnum gegn Njarðvík



Stjarnan vann Njarðvík í æsispennandi leik í toppslag Domino's-deildar karla í körfubolta í gærkvöld. Eric Katenda, leikmaður Njarðvíkur, sækir hér að körfu Stjörnunnar og Hlynur Bæringsson er til varnar. Þegar 19 umferðum er lokið eru liðin jöfn að stigum á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Nýjast

### Domino's-deild karla

**Stjarnan - Njarðvík 82-76**
**Stjarnan:** Antti Kanervo 17, Collin Pryor 16, Ægir Þór Steinarsson 15, Brandon Rozzell 13, Filip Kramer 8, Hlynur Bæringsson 5, Tómas Þ. Hilmarsson 4, Dúi Þór Jónsson 4.
**Njarðvík:** Jeb Ivey 20, Elvar Már Friðriksson 15, Eric Katenda 14, Mario Matasovic 10, Kristinn Pálsson 6, Logi Gunnarsson 5.

**Keflavík - Haukar 80-65**
**Keflavík:** Gunnar Ólafsson 19, Mindugas Kacinas 14, Michael Craion 14, Magnús Már Traustason 10 Ágúst Orrason 6, Magnús Þór Gunnarsson 6, Reggie Dupree 5.
**Haukar:** Hilmar Smári Henningsson 19, Hjálmar Stefánsson 11, Russell Woods Jr. 11, Haukur Óskarsson 6, Kristján Leifur Sverrisson 6, Daði Lár Jónsson 5.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 30 | Grindavík | 16 |
| Njarðvík | 30 | ÍR | 16 |
| Tindastóll | 26 | Haukar | 16 |
| Keflavík | 26 | Valur | 12 |
| KR | 24 | Skallagr. | 8 |
| Þór Þorl. | 22 | Breiðablik | 2 |

## Sunna berst eftir langa bið

**BARDAGAÍÞRÓTTIR** Bardagaíþróttakonan Sunna Rannveig Davíðsdóttir hefur verið fjarri góðu gamni vegna meiðsla síðustu 20 mánuði en tilkynnt var í dag að hún myndi berjast á bardagakvöldi Invicta í Kansas City í Bandaríkjunum 3. maí næstkomandi.

Sunna Tsunami hefur glímt við meiðsli í hendi síðustu tvö ár tæp og er að fá langþráð tækifæri til þess að berjast á nýjan leik. Hún hefur barist þrisvar sinnum sem atvinnumaður á vegum Invicta sem er stærsta kvennabardagaíþróttasambandið og haft betur í öll skiptin.

„Ég hef beðið eftir að fá að sleppa dýrinu lausu mjög lengi og hlakka rosalega til að komast aftur í búrið þar sem ég er best geymd. Mér líður eins og skógarbirni sem er að vakna eftir langan vetrardvala, hungraður og hættulegur," segir Sunna Rannveig. **– hó**






Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir með boltann í leiknum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vantaði töluvert upp á grunngildin hjá okkur

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu var kippt niður á jörðina þegar liðið mætti Skotlandi í vináttulandsleik á Algarve-mótinu á Portúgal í gær. Lokatölur í leiknum urðu 4-1 Skotlandi í vil en skoska liðið hafði 2-0 forystu í hálfleik.

Það var Sara Björk Gunnarsdóttir sem skoraði mark íslenska liðsins með góðu skoti eftir fínan undirbúning frá Svövu Rós Guðmundsdóttur sem fékk tækifæri í framlínu íslenska liðsins í leiknum.

Jón Þór Hauksson og Ian David Jeffs gerðu sex breytingar á byrjunarliði sínu frá jafnteflinu við Kanada í fyrsta leik mótsins. Þá gerðu þeir sömuleiðis sex skiptingar í leiknum, tvær í hálfleik og fjórar í seinni hálfleik. Þeir hyggjast halda áfram að skipta mínútum milli leikmannahópsins, eins og planið var fyrir ferðina, í leiknum um sæti á mótinu á morgun.

„Við vorum bara ekki að spila vel sem lið í þessum leik. Frammistaðan var bara eins og úrslitin gefa til kynna. Við náðum ekki að kalla fram þau einkenni sem hafa einkennt liðið undanfarin ár. Það er grimmd í návígjum, varnarskipulag og þá vörðumst við illa í föstum leikatriðum,“ sagði Jón Þór í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn.

„Við erum svo að freista þess að halda boltanum betur innan liðsins og vera hugrakkari í að spila boltanum út úr erfiðum stöðum. Það gekk ekki nógu vel í þessum leik og við vorum að missa boltann klaufalega trekk í trekk og senda hann til þeirra jafnvel þótt við værum ekki undir pressu. Þær refsuðu nokkrum sinnum fyrir þau mistök,“ sagði Jón Þór enn fremur um spilamennsku íslenska liðsins í leiknum.

„Það er meðvituð stefna bæði hjá yngri landsliðum og A-landsliðinu að vera betri í því að spila boltanum á milli línanna og þora að fá boltann í erfiðum stöðum og leysa á annan hátt en að beita löngum sendingum. Við hvikum ekkert frá þeirri stefnu þrátt fyrir að hafa tapað illa í þessum leik og það hafi gengið brösuglega í þetta skiptið. Nú er bara að bretta upp ermar og halda áfram að vinna í því að koma leikmönnum út úr skelinni og bæta þær í því að losa pressu með þeim hætti sem við viljum innleiða. Það er gömul saga og ný hjá íslenskum landsliðum að þetta er vandamál og við hyggjumst tækla vandamálið í staðinn fyrir að fela það,“ segir hann um lærdóminn sem liðið tekur af leiknum.

„Þetta var einnig þörf áminning fyrir okkur að ef að við erum ekki með grunnatriðin á hreinu þá fer illa. Það er ekki nóg að ætla að bæta sóknarleikinn og vinna leiki út frá því að spila boltanum vel á milli sín. Það þarf alltaf að berjast, spila skipulagðan varnarleik og vera fastar fyrir í návígi alls staðar á vellinum ef vel á að fara,“ sagði Jón Þór enn fremur um það sem hann tekur út úr leiknum.

Margrét Lára Viðarsdóttir lék sinn fyrsta landsleik í tæp tvö ár og Dagný Brynjarsdóttir spilaði aftur í tíu mínútur eftir að hafa verið fjarverandi frá haustinu 2017. Jón Þór segir að þessir leikmenn séu töluvert frá sínu besta formi en jákvætt sé að undankeppni EM 2021 hefjist ekki fyrr en næsta haust.

„Við bindum vonir við það að Dagný komist á skrið á undirbúningstímabilinu í Bandaríkjunum og leiki stórt hlutverk hjá Portland Thorns í framhaldinu. Sömuleiðis vonum við að Margrét Lára standi sig vel með Val í sumar. Þær eru báðar mikilvægar í okkar framtíðarplönum og það væri óskandi að þær væru komnar í sitt besta form þegar undankeppnin hefst um mánaðamótin ágúst og september síðar á þessu ári,“ segir þjálfarinn um framhaldið. – hó

# Íslenska liðið á leið á mót

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta heldur til Póllands 20. mars næstkomandi þar sem það tekur þátt í fjögurra þjóða æfingamóti í borginni Gdansk við Eystrasaltið.

Axel Stefánsson og Elías Már Halldórsson hafa valið 18 leikmenn sem skipa leikmannahóp íslenska liðsins á þessu móti.

Ísland leikur við Pólland 22. mars, Angóla 23. mars og Slóvakíu 24. mars. Þessir leikir eru liður í undirbúningi íslenska liðsins fyrir umspilsleikina gegn Spánverjum um mánaðamótin maí og júní en þar er í húfi laust sæti á HM í Japan næsta vetur.

Karen Knútsdóttir og Birna Berg Haraldsdóttir koma aftur inn í leikmannahóp landsliðsins eftir fjarveru vegna meiðsla. Þá eru þær Elín Jóna Þorsteinsdóttir og Mariam Eradze einnig valdar í hópinn en þær hafa ekki áður leikið A-landsleik. – hó

**Markmenn**
Elín Jóna Þorsteinsd., Vendsyssel.
Guðný Jenný Ásmundsdóttir, ÍBV
Hafdís Renötudóttir, Boden

**Vinstra horn**
Sigríður Hauksdóttir, HK
Stefanía Theodórsdóttir, Stjarnan

**Vinstri skytta**
Andrea Jacobsen, Kristianstad
Helena Rut Örvarsdóttir, Dijon
Lovísa Thompson, Valur
Mariam Eradze, Toulon

**Miðja**
Ester Óskarsdóttir, ÍBV
Eva Björk Davíðsdóttir, Ajax
Karen Knútsdóttir, Fram

**Hægri skytta**
Birna Berg Haraldsd., Neckarsulm
Thea Imani Sturludóttir, Volda

**Hægra horn**
Díana Dögg Magnúsdóttir, Valur
Þórey Rósa Stefánsdóttir, Fram

**Línumenn**
Arna Sif Pálsdóttir, ÍBV
Steinunn Björnsdóttir, Fram
Perla Ruth Albertsdóttir, Selfoss


Atkvæðagreiðsla um
**VERKFALLSBOÐUN VR**

**Ákveðið hefur verið að viðhafa rafræna atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun félagsmanna VR hjá hópbifreiðafyrirtækjum á félagssvæði VR og félagsmönnum VR hjá eftirfarandi fyrirtækjum:**

Fosshótel Reykjavík ehf. - kt. 6912094740
Íslandshótel hf. - kt. 6301692919
Flugleiðahótel ehf. - kt. 6212976949
Cabin ehf. - kt. 7012022280
Hótel Saga ehf. - kt. 4610150340
Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf. - kt. 4509051430
Hótel Klettur ehf. - kt. 4703110450
Örkin Veitingar ehf. - kt. 7103982919
Keahótel ehf. - kt. 6012997049
Hótel Frón ehf. - kt. 4204983229
Hótel 1919 ehf. - kt. 4604050920
Hótel Óðinsvé hf. - kt. 6705140640
Hótel Leifur Eiríksson ehf. - kt. 5902993759
Hótel Smári ehf. - kt. 6312150680
Fjörukráin ehf. (Hotel Viking) - kt. 6304901119
Hótel Holt Hausti ehf. - kt. 4205025910
Hótelkeðjan ehf. - kt. 4712042340
CapitalHotels ehf. - kt. 6902080320
Kex Hostel - kt. 6210100500
101 (einn núll einn) hótel ehf. - kt. 5807972299

**Atkvæðagreiðslan fer fram dagana 5. mars til 12. mars 2019**

Allir kosningabærir félagsmenn sem starfa í ofangreindum fyrirtækjum fá send kjörgögn á næstu dögum.

5. mars 2019
**Kjörstjórn VR**

**Nánari upplýsingar verða birtar á www.vr.is**

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is


**FYRIR HÆSTARÉTTI (HIGH COURT OF JUSTICE)** **nr. CR-2018-007982**
**VIÐSKIPTA- OG EIGNADÓMSTÓLUM Í ENGLANDI OG WALES**
**FYRIRTÆKJADÓMSTÓL (ChD)**

**VARÐANDI AVIVA LIFE & PENSIONS UK LIMITED**
**-og-**
**VARÐANDI FRIENDS FIRST LIFE ASSURANCE COMPANY DAC**
**-og-**
**VARÐANDI THE FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000**

HÉR MEÐ TILKYNNIST, í samræmi við kafla 114(2) í lögunum Financial Services and Markets Act 2000 („lögunum“), að þann 20. febrúar 2019 var gefin út tilskipun frá Hæstarétti (High Court of Justice) í Lundúnum samkvæmt 111. kafla laganna um staðfestingu áætlunar („áætlunarinnar“) um flutning frá Aviva Life & Pensions UK Limited („UKLAP“) til Friends First Life Assurance Company dac („FFLAC“) á: (i) öllum rekstri sem UKLAP stofnar til eða framfylgir í útibúum UKLAP í Belgíu, Frakklandi og Írlandi og (ii) tilteknum öðrum rekstri sem UKLAP stofnar til eða framfylgir á grundvelli frelsis þjónustu í Belgíu, Frakklandi, lýðveldinu Írlandi, Íslandi, Svíþjóð og Þýskalandi.

Áætlað er að áætlunin taki gildi kl. 22:59 (GMT), 29. mars 2019.

Hvað varðar tryggingar sem heyra undir rekstur sem fluttur er samkvæmt áætluninni teljast EES-ríki önnur en Bretland vera ríkið þar sem samningurinn er gerður (í skilningi kafla 114(2) í lögunum) og tryggingataki hefur rétt á að segja upp tryggingunni samkvæmt áætluninni og lögum viðkomandi EES-ríkis innan 21 dags frá útgáfudegi þessarar tilkynningar í EES-ríkinu (eða, eftir atvikum, innan þess tímabils sem tiltekið er í lögum EES-ríkisins).

Ef spurningar vakna um flutninginn eða uppsagnarrétt, eða ef frekari upplýsinga er þörf, má hafa samband við okkur í símanúmerið eða heimilisfangið hér að neðan:

**Samskiptaupplýsingar fyrir UKLAP:**
Heimilisfang: Aviva Transfer Mailing (BAU J)
PO Box 3661
NORWICH
NR1 3JF Bretlandi
Símanúmer: +44 (0) 1603 606388
Vefsíða: **https://transfer.aviva.com/life**

**Samskiptaupplýsingar fyrir FFLAC:**
Heimilisfang: Customer Services Department, (Transfer Mailing) Friends First House
Cherrywood Business Park, Loughlinstown
Dublin 18, Írlandi
Símanúmer: +353 (0) 1 618 6816
**Vefsíða: https://transfer.aviva.com/life**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, og langamma,

**Sigríður Helgadóttir**

lést á Grund þann 1. mars 2019.
Útförin verður auglýst síðar.

**Einar Sindrason** — **Kristín Árnadóttir**
**Heimir Sindrason** — **Anna Lovísa Tryggvadóttir**
**Sigurjón Helgi Sindrason** — **Helga Garðarsdóttir**
**Sindri Sindrason** — **Kristbjörg Sigurðardóttir**
**Yngvi Sindrason** — **Vilborg Ámundadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jónas Hallgrímsson**
frá Knappsstöðum í Fljótum,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 27. febrúar. Hann verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 7. mars klukkan 13.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Hulda Erlingsdóttir**
**Dagur Jónasson** — **Helga H. Þórarinsdóttir**
**Hlynur Jónasson**
**Halldór Auðarson**
**og barnabörn.**


*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

ÞETTA GERÐIST: 5. MARS 1865

## Kirkjan á Möðruvöllum brann

Reisuleg timburkirkja á Möðruvöllum í Hörgárdal varð eldi að bráð þennan mánaðardag árið 1865. Þetta var á sunnudegi og það átti að messa á Möðruvöllum.

Kirkjan var byggð árið 1788 en hafði verið endurbætt verulega árið 1852 og ellefu árum síðar var settur í hana ofn. Það mun hafa verið við uppkveikjutilraun í þeim ofni sem neisti eða kolamoli féll óvart á gólfið og olli íkveikjunni.

Um ellefu leytið varð eldsins vart og brann kirkjan til grunna á einni klukkustund. Þó hættu þrír þrír menn sér inn í hana um brotna glugga og náðu skírnarfontinum, tveimur ljósahjálmum og tveimur bekkjum. Einnig náði Arngrímur Gíslason málari að bjarga altaristöflunni og notaði hana síðar sem fyrirmynd að altaristöflum í aðrar kirkjur. Hann málaði líka mynd af brunanum sem sumir hafa talið vera fyrstu íslensku fréttamyndina.





Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Bragi Þorbergsson**

lést á líknardeild Landspítalans 25. febrúar síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju 6. mars kl. 13.00.

**Edda Júlía Þráinsdóttir**
**Dagný Þóra Bragadóttir** — **Oddur Guðni Tryggvason**
**Sandra Dís Oddsdóttir**
**Telma Sól Oddsdóttir**



Okkar ástkæra

**Unnur Torfadóttir**
Skólastíg 14a, Stykkishólmi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, 28. febrúar. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 8. mars klukkan 14.

**Marta Magnúsdóttir** — **Benedikt Benediktsson**
**Guðný Jensdóttir** — **Steinar Ragnarsson**
**og fjölskyldur.**



Okkar ástkæri

**Magnús Þorgrímsson**
sálfræðingur, Eikjuvogi 28, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 25. febrúar á gjörgæsludeild Landspítalans, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 8. mars kl. 15.00. Fjölskyldan sendir innilegar þakkir til starfsfólks Landspítalans. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Geðhjálp, Krabbameinsfélagið eða Hjartaheill njóta þess.

**Ingibjörg Grétarsdóttir, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, Margrét Helga Magnúsdóttir, Þorgrímur Magnússon og Unnar Uggi Huginsson**



Elskuleg dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ólafía Guðrún Halldórsdóttir**
Gráhellu 61,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 7. mars kl. 14.

**Matthildur Zophoníasdóttir**
**Halldór Davíð Sigurðsson** — **Sandra Guðmundsdóttir**
**Ævar Sigurðsson** — **Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir**
**Arnar Þór Sigurðsson** — **Sólrún Þórðardóttir**
**og barnabörn.**



Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gunnsteinn Stefánsson**
læknir,

lést föstudaginn 1. mars á líknardeild Landspítalans. Útför fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 8. mars kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð krabbameinsdeildar Landspítalans eða Heru heimahlynningu.

**Helga Snæbjörnsdóttir**
**Snæbjörn Gunnsteinsson** — **Jennifer Green**
**Stefán S. Gunnsteinsson** — **Alís Heiðar**
**Árni Pétur Gunnsteinsson** — **Sandra Gestsdóttir**
**Gunnar Helgi Gunnsteinsson** — **Rósa Guðjónsdóttir**
**og barnabörn.**



Elskuleg dóttir mín, systir, mágkona og frænka,

**Kristín Hildur Ólafíudóttir Pálsdóttir**
Gráhellu 61,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 27. febrúar. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 7. mars kl. 14.00.

**Páll Þór Engilbjartsson**
**Páll Heiðar Pálsson** — **Hafdís Sveinbjörnsdóttir**
**Halldór Davíð Sigurðsson** — **Sandra Guðmundsdóttir**
**Ævar Sigurðsson** — **Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir**
**Arnar Þór Sigurðsson** — **Sólrún Þórðardóttir**
**systkinabörn**
**Aron Kristinn Lýðsson**



Okkar elskulegi

**Arnór Jóhannesson**
frá Forna-Krossnesi í Eyrarsveit, Reykjanesvegi 54, Reykjanesbæ,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Nesvöllum í Reykjanesbæ 24. febrúar. Útförin fer fram frá Innri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 7. mars klukkan 13.

**Sveinbjörn Gizurarson og fjölskylda.**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ögmundur Ólafsson**
bílstjóri, Vík í Mýrdal,

verður jarðsunginn frá Víkurkirkju föstudaginn 8. mars kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Víkurkirkju, reikn. 0317-13-1406, kt. 700269-0869.

**Helga Halldórsdóttir**
**Ólafur Ögmundsson** — **Salóme Þóra Valdimarsdóttir**
**Unna Björg Ögmundsd.** — **Sigurður Fannar Sigurjónsson**
**Brynjar Ögmundsson** — **Þórdís Erla Ólafsdóttir**
**og afabörn.**

# Fólk

## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 5. MARS 2019




**„Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi," segir Steinunn Björk Eggertsdóttir, vörustjóri veitinga hjá N1.**

# Hollur biti á ferðalaginu

Nesti þjónustar alla þá sem eru á ferðinni um landið og vilja grípa með sér hollan bita. Stöðugt er verið að þróa nýja og holla rétti fyrir landsmenn. →2

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir





Nesti býður upp á frábært úrval af samlokum, vefjum, salötum, nýsmurðum rúnstykkjum og croissant.

**Framhald af forsíðu ➪**

Nesti, sem er hluti af N1 stöðvunum, hefur auðveldað fólki á ferðinni lífið og verið mikilvægur hluti af ferðalögum Íslendinga um þjóðvegi landsins áratugum saman. „Nesti var stofnað árið 1957 og hugsunin þá var sú sama og hún er í dag, að þjónusta alla þá sem eru á ferðinni og vilja grípa með sér hollan og góðan valkost,“ segir Steinunn Björk Eggertsdóttir, vörustjóri veitinga hjá N1. „Nestislínan í þeirri mynd sem hún er í dag var sett af stað árið 2016 en hún hefur verið í stöðugri þróun síðan þá. Við erum alltaf að auka við úrvalið af hollum valkostum og ætlum að halda því áfram.“

N1 rekur 29 þjónustustöðvar um land allt, þar af eru 20 Nestisstöðvar. Á þjónustustöðvum N1 er boðið upp á veitingar af ýmsu tagi ásamt annarri smávöru.

## Mikið úrval

Meðal fjölbreyttra vara sem Nesti býður upp á má nefna boozt, grauta, gríska jógúrt, ávexti, samlokur, vefjur, nýsmurð rúnstykki og croissant, salöt o.fl. „Á landsbyggðinni bjóðum við að auki upp á eldaðan mat, eins og hamborgara, samlokur, kjúklingarétti, súpur, fiskrétti og aðra smárétti. Nýr og endurbættur matseðill er farinn af stað hjá okkur en í byrjun hvers árs reynum við að bæta og einfalda matseðlana okkar ásamt því að skipta út fyrir nýja og gómsæta rétti.“

> **Í takt við breyttar kröfur Íslendinga um þægilega, fljótlega en um leið holla fæðu er Nesti ávallt með það að leiðarljósi að auka úrvalið af hollum valkostum sem eru í boði.**

## Mikill metnaður

Steinunn segir miklu máli skipta að fólk geti fengið eitthvað hollt og gott við sitt hæfi hjá Nesti, hvort sem það eru almennir hollusturéttir eða t.d. vegan. „Í takt við breyttar kröfur Íslendinga um þægilega, fljótlega en um leið holla fæðu er Nesti ávallt með það að leiðarljósi að auka úrvalið af hollum valkostum sem eru í boði á þjónustustöðvum um land allt. Einnig höfum við orðið vör við aukna eftirspurn eftir hollari og léttari veitingum samfara auknum ferðamannastraumi og er mikill metnaður lagður í að þróa veitingarnar þannig að þær höfði til ólíkra hópa.“

## Örari nýjungar

Steinunn segir vöruþróunina í ár vera hraðari en fyrri ár og ætlunin sé að höfða til fleiri hópa en áður. „Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og við stefnum á að vera með eitthvað nýtt og skemmtilegt í hverjum mánuði. Einnig erum við að hugsa um þá sem vilja minni einingar, svo fólk geti raðað saman eftir hentisemi hvers og eins. Nýjungar hjá okkur það sem af er ári eru t.d. nýir og endurbættir grautar og skyrréttir, girnilegar samlokur, próteinbox og margt fleira gómsætt. Á landsbyggðinni erum við með nýjar súpur og fiskrétti auk þess sem við bjóðum upp á val um súrdeigs pitsubotna á móti þessum hefðbundnu botnum. Einnig bjóðum við fólki að fá aðrar sósur en gömlu góðu kokteilsósuna og má þar nefna trufflu-majó, hvítlauks aioli og chili-majó. Eins erum við með val fyrir þá sem vilja sneiða hjá frönskum og bjóðum upp á ferskt salat sem valkost.“



Ljúffengir boozt drykkir í öllum regnbogans litum og bragðtegundum.



Chia grautur og orkugrautur eru tilvaldir í morgunmat eða sem millimál.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 5. MARS 2019



# Nýr gæðabíll frá Lexus

Lexus ES 300h hefur hingað til ekki fengist á Íslandi, né heldur í öðrum Evrópulöndum. Nú býðst landanum þessi eðalbíll sem er jafn vel smíðaður og aðrir bílar frá Lexus. →8

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




MAX1 BÍLAVAKTIN

EXIDE TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is** og fáið nánari upplýsingar.

olís



Glænýtt og talsvert breytt útlit á þessum smávaxna bíl frá Peugeot.

# Gerbreyttur smár Peugeot 208

Peugeot hefur svipt hulunni af nýjum og gerbreyttum 208 bíl sínum áður en hann verður sýndur á bílasýningunni í Genf, sem verður opnuð 7. mars. Eins og sést á myndinni eru miklar útlitsbreytingar á þessum netta bíl sem fellur í B-stærðarflokk bíla. Óhætt er að fullyrða að með þessari breytingu sé kominn einn mest aðlaðandi bíllinn í þessum flokki, enda hefur hann fengið ýmis útlitseinkenni frá hinum mun stærri Peugeot 508 bíl, sem er forkunnarfagur. Bíllinn kemur nú á 17 tommu felgum, með LED-aðalljósum og svörtu þaki.

### Takkaleysi og snertiskjár

Að innan hefur Peugeot fækkað mjög tökkunum og flestu er stjórnað á snertiskjá sem reyndar er af margvíslegri stærð eftir útfærslum bílsins. Fyrir vikið virkar hann miklu framúrstefnulegri en keppinautar hans. Þessi nýja kynslóð Peugeot 208 er 30 kílóum léttari en forverinn og með mun betra loftflæði og klýfur hann nú vindinn betur. Fyrir vikið er hann miklu hljóðlátari og stífni bílsins er líka miklu meiri og minnkar það allan titring í honum til muna. Bíllinn verður í boði með 1,2 lítra 75, 100 eða 130 hestafla bensínvélum með forþjöppu eða 100 hestafla 1,5 lítra dísilvél, en með henni fæst bíllinn aðeins beinskiptur, en með bensínvélunum má velja milli beinskiptingar og sjálfskiptingar.



Að öllum líkindum fær næsta kynslóð Lexus IS 3,0 lítra bensínvél frá BMW.

# Næsti Lexus IS með BMW-vél

Japanska útgáfan af Best Car Magazine telur sig hafa heimildir fyrir því að næsta kynslóð Lexus IS bílsins muni fá 3,0 lítra bensínvél frá BMW. Þar væri um að ræða sömu forþjöppudrifnu B58 vélina sem finna má í nýja Toyota Supra bílnum og BMW Z4. Með þessari ráðstöfun yrði framhald á samstarfi Toyota/Lexus og BMW líkt og með sameiginlegri smíði Supra/Z4 bílsins.

Þessi vél yrði ekki sú eina sem í boði yrði í bílnum, heldur einnig 2,0 og 2,4 lítra vélar, sem og 2,5 lítra vél með rafmagnsaðstoð sem yrði í boði á nokkrum bílamörkuðum heims. Þá fengi Lexus IS F kraftaútgáfan sömu vél og er nú í Lexus LS bílnum, sem er 416 hestöfl og yrði hún tengd við 10 gíra sjálfskiptingu.

Næsta kynslóð Lexus IS á að verða af sömu stærð og núverandi kynslóð, en bíllinn mun samt léttast um 155 kíló. Búist er við því að Lexus muni kynna nýja kynslóð af IS-bíl sínum á seinni hluta næsta árs og að Lexus IS F sjái ekki dagsljósið fyrr en árið 2021. Með þessum breytingum á aflrás Lexus IS verður bíllinn mun hæfari til að keppa við BMW 3 og aðra lúxusbíla svipaðrar stærðar.

BÍLAR
www.frettabladid.is
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000




Úr verksmiðju Nissan í Sunderland í Bretlandi.

# Flýja japanskir framleiðendur Brexit

Nissan, Honda og Toyota reka stærstu, fjórðu stærstu og sjöttu stærstu bílaverksmiðjur Bretlands en teikn eru á lofti um lokun allra þeirra. Brexit er um að kenna.

Ákvörðun Honda um að loka sinni einu bílaverksmiðju í Bretlandi eftir starfrækslu í meira en 30 ár gæti markað upphafið að endanlegu brotthvarfi japanskra bílaframleiðenda frá Bretlandi í kjölfar fyrirhugaðs brotthvarfs Bretlands úr Evrópusambandinu. Honda, Toyota og Nissan opnuðu öll verksmiðjur í Bretlandi á níunda áratug síðustu aldar og fengu til þess stuðning frá Thatcher-stjórninni. Thatcher sannfærði forsvarsmenn framleiðendanna um að Bretland væri vænlegur kostur til framleiðslu bíla fyrir Evrópumarkað og að Bretland myndi aldrei ganga úr Evrópusambandinu. Það mun breytast frá og með 29. mars og gæti orðið afdrifaríkt fyrir bílaframleiðslu í Bretlandi.

### Toyota þegar varað bresk stjórnvöld við

Ekki er eins mikil hætta á að Toyota loki verksmiðju sinni í Burnastone þar sem ný Corolla verður smíðuð þar, en eftir að ný kynslóð Corolla rennur sitt skeið árið 2024 þykir líklegt að Toyota loki henni. Toyota hefur þegar varað bresk stjórnvöld við því að slæmur samningur við Evrópusambandið gæti þýtt lokun verksmiðjunnar. Auk þess er Toyota að opna nýja verksmiðju í Tékklandi árið 2021 í samstarfi við PSA Group og þar verða framleiddir smærri bílar Toyota. Verksmiðja Honda í Burnastone er fjórða stærsta bílaverksmiðjan í Bretlandi og þar eru framleiddir 161.000 bílar á ári. Verksmiðja Toyota er sú sjötta stærsta og þar eru framleiddir 129.000 bílar á ári. Í báðum þeirra er nú aðeins framleidd ein bílgerð þar sem bæði fyrirtækin hafa flutt framleiðslu annarra bílgerða til Japans. Það eitt er hættumerki.

### Samningur um tollaleysi hjálpar ekki

Nissan rekur stærstu bílaverksmiðju Bretlands og þar eru framleiddir 442.000 bílar á ári og þar er minnsta hættan á að komi til lokunar, en bæði er vinsælasti jepplingur Bretlands og Evrópu, Qashqai, framleiddur þar og smíði nýs Juke mun einnig fara þar fram. Nissan tók hins vegar þá ákvörðun árið 2016 að smíða ekki X-Trail jeppa sinn í Bretlandi fyrir Evrópumarkað, eins og áður var ráðgert og flutti smíði hans til Japans. Það gefur ef til vill tóninn fyrir framhaldið. Ekki hjálpar það til að nýr milliríkjasamningur Japans og Evrópusambandsins mun gera flutning til Evrópu á bílum framleiddum í Japan ódýrari og það minnkar kostina við að vera með verksmiðjur í Evrópu. Þessi samningur tryggir tollaleysi á bílum innfluttum frá Japan til Evrópu og breytir því landslaginu mikið.

### Tryggðin horfin

Tryggðin sem japönsku framleiðendurnir héldu við Bretland til langs tíma virðist vera að þverra og hefur verið skipt út fyrir pirring og reiði í þeirra garð. Japönskum bílaframleiðendum finnst þeir hafa verið sviknir af breskum yfirvöldum.

# Audi fækkar vélargerðum

Viðbrögð við minnkandi sölu Audi sem gekk illa í sölu á seinni hluta síðasta árs auk þess sem salan minnkaði um 3% í janúar.

Minni sala bíla Audi í janúar upp á 3%, miðað við sama mánuð í fyrra, veldur forsvarsmönnum Audi áhyggjum og því er fyrirhugað að fækka bæði stjórnendum og vélargerðum í Audi-bíla sem eru að sögn fyrirtækisins of margar. Með fækkun vélargerða á að einfalda smíðina, en einnig stendur til að skera niður eitt lag af stjórnendum í fyrirtækinu og fækka þeim samtals um 10%. Þó svo að Audi hafi aukið sölu sína á stærsta bílamarkaði heims í Kína um 5,1% í janúar var sala Audi léleg í Evrópu og hefur hún hríðfallið frá því að nýja WLTP-eyðsluviðmiðunin tók gildi á seinni hluta síðasta árs.



Audi ætlar að minnka vélaframboð um 30% til að minnka þróunarkostnað.

### Fækkun vélargerða um 30%

Ekki liggur fyrir hvaða vélargerðir Audi fara undir hnífinn, en leiða má getum að því að stærstu, eyðslufrekustu og minnst seldu vélargerðirnar lendi í niðurskurðinum sem á að nema um 30% af núverandi vélaúrvali. Líkt og í tilfelli Audi mun BMW skera niður 8 og 12 strokka vélar fyrir næstu kynslóð BMW 7-línunnar og Benz ætlar líka að hætta framleiðslu V12 vélarinnar í S-Class. Með þessum hagræðingaraðgerðum Audi er meiningin að spara fyrirtækinu ríflega 2.000 milljarða króna til ársins 2022.




KIA
The Power to Surprise

## Sparneytinn sportjeppi sem eyðir frá 5,7 l/100 km

**Kia Sportage** er snjall og glæsilegur sportjeppi, búinn fyrsta flokks tæknibúnaði. 7" snertiskjár með leiðsögukerfi, þráðlaus farsímahleðsla og akreinavari eru meðal spennandi staðalbúnaðar Kia Sportage. Honum fylgir hin einstaka 7 ára ábyrgð — sú lengsta frá nokkrum bílaframleiðanda. Komdu og reynsluaktu nýjum Kia Sportage.

**Komdu í heimsókn í ný húsakynni Kia á Krókhálsi. Við tökum vel á móti þér.**

Kia Sportage X, 2WD, 6 gíra, beinsk. verð frá:

**4.590.777 kr.**

Fæst einnig fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur verð frá: 5.790.777 kr.

ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Subaru höfðar mest til Kanadamanna 5. árið í röð



Subaru Outback er einn af vinsælum bílum Subaru í Kanada.

**Mikill fjöldi tryggra aðdáenda Subaru í Kanada hefur breytt merkinu frá valkosti í það að vera það sem flestir leita að.**

Að mati bandaríska greiningar- og ráðgjafarfyrirtækisins ALG er Subaru sá bílaframleiðandi á kanadíska markaðnum sem höfðar mest til almennings þar í landi og er merkið nú handhafi verðlaunanna „Best Mainstream Brand in 2019“ fimmta árið í röð. Enginn bílaframleiðandi hefur hlotið þennan titil jafn oft í Kanada og Subaru.

### Fjórar gerðir Subaru eftirsóttastar í sínum flokki

Samkvæmt nýjustu könnun ALG er það jafnframt niðurstaða hennar að fjórar bílgerðir Subaru haldi best virði sínu hver í sínum flokki. Það eru Impreza í flokki minni bíla (Best compact), Outback í flokki meðalstórra fimm manna bíla (Best 2-Row Midsize Utility), WRX/WRX STI í flokki sportbíla (Best Sports Car) og Crosstrek í flokki sportjeppa (Best Subcompact Utility).

### Snjöll hugmyndafræði

Eric Lyman, varaformaður ALG, segir mikinn fjölda tryggra aðdáenda Subaru í Kanada hafa breytt merkinu frá því að vera eitt af mörgum merkjum sem komi til greina við næstu bílakaup yfir í það að vera það sem flestir leiti að og um leið það öfundsverðasta frá sjónarhóli annarra framleiðenda. „Það sést á sölutölunum sem farið hafa stighækkandi ár frá ári þótt salan takmarkist enn við takmarkaða framboðsgetu frekar en önnun eftirspurnar. Það leiðir m.a. til hás endursöluverðs, takmarkaðrar þarfar til að auka framleiðslugetuna og mikillar eftirspurnar markaðarins eftir notuðum Subaru-bílum,“ segir Lyman.

### Subaru handhafi Verðmætaverðlauna ALG 2019

ALG veitir einnig árlega svokölluð Verðmætaverðlaun þar sem margir mismunandi þættir notaðra bíla eru skoðaðir. Þar á meðal er litið til sögulegs áreiðanleika bíla, þróun í leitni markaðarins eftir ákveðnum merkjum, hönnunar og gæða ásamt samkeppnishæfni og markaðsfærslu framleiðandans. Í janúar veitti ALG Subaru verðmætaverðlaun sín fyrir 2019 á sviði almennrar fólksbílaframleiðslu þar sem ALG metur Subaru besta almenna fólksbílaframleiðandann á árinu á mörkuðum Norður-Ameríku. Þetta er sjöunda árið í röð sem Subaru er í 1. sæti í þeim flokki hjá ALG enda eru áreiðanleiki og öryggi helstu aðalsmerki Subaru og ástæða þess mikla dálætis sem Bandaríkja- og Kanadamenn hafa á Subaru.



Laglegur rafmagnsbíll Honda.

## Honda E Prototype í Genf

Honda hefur ekki gert sig mjög gildandi sem rafmagnsbílaframleiðandi hingað til en ætlar að sýna þennan smávaxna Honda E Prototype á bílasýningunni í Genf í mars. Hann er með hóflegt drægi af nútíma rafmagnsbílum að vera, eða 200 km. Honda ætlar héðan í frá að einbeita sér að framleiðslu rafmagnsbíla og áætlar að tveir þriðju af sölu Honda-bíla í Evrópu verði tengiltvinnbílar, rafmagnsbílar, vetnisbílar eða hybridbílar árið 2025. Þessi bíll sem Honda ætlar að sýna í Sviss virðist langt kominn í þróun því hann mun fara í framleiðslu á árinu. Honda kynnti árið 2017 Urban EV Concept tilraunabíl og er þessi E Prototype bíll framhald af honum.

### Hurðirnar opnast „öfugt“

Bíllinn er með hurðir sem opnast í öfuga átt miðað við flesta bíla, eða „suicide“-hurðir og hann er afturhjóladrifinn svo hann ætti að vera sportlegur í akstri. Bíllinn er svo smár að hann er 10 cm styttri en Honda Jazz bíllinn sem er einkar smár líka.





CARETTA OFF ROAD* FYRIR ÚTIVISTINA!
Notalegt svefnpláss fyrir tvo, gott geymslurými og eldunaraðstaða. Léttur vagn sem kemst alla slóða.
*ATH! Utanvegaakstur er ólöglegur samkvæmt lögum.




TILBOÐSVERÐ Á FYRSTU SENDINGU - VÆNTANLEG Í APRÍL
Fullt verð kr. 2.816.560.- Forpöntunarverð kr. 2.485.000.-
(Innifalið: Fortjald - Webasto hitari - fellanlegt borð - þakgrind) - Síðasti forpöntunardagur: 15. mars.

SPORTÍS
MÖRKIN 6 - 108 RVK - S: 520-1000 - SPORTIS.IS

# Audi Q5, A6, A7 og A8 verða tengiltvinnbílar



Allar gerðirnar fá stafina TFSI e í endann þar sem e stendur fyrir „e-tron“.

Það er ekki að spyrja að rafmagnsvæðingunni í bílaflóru Audi og hefur fyrirtækið tilkynnt að bílgerðirnar Q5, A6, A7 og A8 verði brátt allar í boði sem tengiltvinnbílar. Þeir fá allir 14,1 kWh rafhlöður og verða með um 40 kílómetra drægi eingöngu á rafmagninu. Hægt verður að fá alla þessa bíla sem tengiltvinnbíla seinna á þessu ári. Allar gerðirnar fá stafina TFSI e í endann þar sem e stendur fyrir „e-tron“. Sá eini þeirra sem verður fjórhjóladrifinn er Audi A8 TFSI e. Allir hinir bílarnir fá S-line pakka sem staðalbúnað, stífari fjöðrun, sportlega útfærslu innréttingarinnar og „boost performance“ frá rafmótornum í þar til gerðri akstursstillingu. Auk þess fá A6- og A7-bílarnir rauðmálaðan bremsubúnað og þykkari hljóðeinangrandi rúður í afturhurðum.



Vélin togar heil ósköp, eða 900 Nm, og gerir þessum stóra bíl kleift að taka sprettinn upp í hundraðið.

## VW Touareg fær V8 dísilvél

Volkswagen kynnti nýlega enn einn vélarkostinn í hinn tiltölulega nýja Touareg-jeppa sinn og það er ekki vél af aflminna taginu. Þessi vél er sú sama og finna má undir húddinu á Audi SQ7, þ.e. V8 TDI vélin sem skilar 416 hestöflum til allra hjóla bílsins. Þessi vél togar heil ósköp, eða 900 Nm og gerir þessum stóra bíl kleift að taka sprettinn í hundraðið á litlum 4,9 sekúndum sem er fáheyrt á meðaljeppa.

Hámarkshraði jeppans er rafrænt takmarkaður við 250 km/klst. og því kemst hann í raun enn hraðar. Þó svo að dísilvélin í Touareg sé ansi öflug skilar hún fleiri hestöflum í Audi SQ7 bílnum, eða 429 hestöflum. Enda hvernig mætti það vera að Volkswagen jeppi fái öflugri vél en flaggskip frá Audi? Sala á VW Touareg V8 TDI hefst í maí á þessu ári.

## Jaguar I-Pace bíll ársins í Evrópu

Á fyrsta blaðamannadegi bílasýningarinnar í Genf, sem hófst í gær, bar helst til tíðinda að bíll ársins í Evrópu var kjörinn og þann titil hlaut rafmagnsbíllinn Jaguar I-Pace. Hann hafði nauman sigur á Renault Alpine A110 sportbílnum og vann Jaguar I-Pace á jöfnum stigum en þar sem hann var af fleirum valinn í efsta sætið hreppti hann titilinn eftirsótta. Þriðja sætið fékk svo Kia Ceed og Ford Focus það fjórða. Hlaut Kia Ceed 247 stig en Fors Focus fékk 235 stig.

Jaguar I-Pace er fyrsti bíllinn frá Jaguar sem hlýtur þennan titil og merkilegt má telja að I-Pace er fyrsti hreinræktaði rafmagnsbíll Jaguar. Ekki slæm byrjun það. Jaguar I-Pace er líka kominn í úrslit í World Car of the Year og því ekki loku fyrir það skotið að hann bæti við enn merkari verðlaunum í ár. Hann er nú þegar búinn að sanka að sér 55 verðlaunum frá því hann kom á markað, meðal annars sem bíll ársins í Bretlandi. Jaguar I-Pace er með 394 hestafla rafmagnsdrifrás og 694 Nm tog og hann kemst í hundraðið á litlum 4,5 sekúndum og er með 377 km drægi.




KOSTIR OG GALLAR

## REYNSLUAKSTUR – LEXUS ES 300H

- 2,5 LÍTRA BENSÍNVÉL OG RAFMÓTORAR
- 218 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 4,4 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 103 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 8,9 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 180 km/klst.
**Verð frá:** 7.910.000 m.kr.
**Umboð:** Lexus í Kauptúni

Kostir:
- Útlit
- Rými
- Smíðagæði
- Öryggi
- Verð

Gallar:
- Hávaði vélar í inngjöf
- Ekkert vélaval







# Ljúfur gæðagripur

**Endalaus fágun er það sem kemur upp í hugann í akstri Lexus ES 300h. Þessi bíll hefur ekki áður fengist á Íslandi og er kær viðbót í lúxusbílaflokkinn. Hann er öruggasti bíllinn í flokki stærri fólksbíla og með 5 stjörnur hjá Euro NCAP.**




Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Snemma á þessu ári kynnti Lexus á Íslandi Lexus ES 300h bílinn en hann hefur aldrei áður fengist hérlendis, né heldur í Evrópu allri. Hann hefur nefnilega hingað til eingöngu verið á boðstólum í Bandaríkjunum, Rússlandi og í Asíu. Það var sannarlega kominn tími á að kynna þennan fágaða bíl fyrir kaupendum í Evrópu í samkeppninni við bíla eins og BMW 5, Audi A6 og Mercedes Benz E-Class sem eru svipaðrar stærðar. Ef til vill má segja að þessi bíll sé djarflegast teiknaður af þeim öllum. Hér er sannarlega kominn bíll fyrir augað, bíll sem stendur sker sig úr fjöldanum og er hugsanlega einn fegursti Lexus sem fá má nú um stundir að mati greinarritara.

Eins og með flesta aðra Lexus bíla nú er ES með risastórt grill, en það bara gerir sig svo vel á þessum bíl og framendinn er afar flottur. Það á þó reyndar við allan bílinn, fagrar línur og samsvörun leika um hann og þar sem hann virkar að auki svo langur verður hann tignarlegur á götu. Mikið hrós til hönnuða Lexus og þeir halda áfram að gera vel inni í bílnum. Þar er glæsileikinn alltumlykjandi og ber að auki mögnuðum handverksmönnum Lexus gott vitni. Eins og fyrri daginn virðist allt svo vel smíðað hjá þeim og það sannast yfirleitt í könnunum um áreiðanleika þar sem Lexus trónir svo til alltaf hæst. Þeir bara bila ekki og það færir kaupendum hugarró.

### Handverksmenn Lexus engum líkir

Þegar sest er inn í Lexus ES 300h fer ekkert á milli mála að hér fer lúxusbíll, sætin er frábær og rafstillanleg, en þegar maður fer að fikta í tökkunum þá sést að þau eru ekki einungis hitanleg, heldur kælanleg líka. Það gefur aðeins tóninn. Mælaborðið er líka sérdeilis huggulegt og efnisval og hönnun til fyrirmyndar. Ferlega flottur og stór 12,7 tommu aðgerðaskjár er fyrir miðju þess og þar má finna gott leiðsögukerfi, Apple CarPlay, og stjórna raunverulega flestu í bílnum. Bak við stýrið er svo óhefðbundinn mælir, en ekki hraða- og snúningsmælir, sem segir ökumanni strax að þarna fer hybrid-bíll sem ætlað er að fara sparlega með eldsneytið og það gerir hann sannarlega. Oftast fylgir þessu markmiði lítt skemmtilegur akstursbíll, en það á sko alls ekki við um hann þennan.

En nánar að eyðslu bílsins. Hann er með uppgefna 4,4 lítra eyðslu, sem er náttúrulega með ólíkindum fyrir svo stóran lúxusbíl. Greinarritari sannfærðist þó um að það væri hægt því í köldum og snævi klæddum reynsluakstrinum reyndist hann oftast með innan við 6 lítra eyðslu við frísklegan akstur. Geri aðrir betur! Uppgefin mengun er svo aðeins 103 g $CO_2$ og það eru góðar fréttir þegar kemur að verði, því fyrir vikið fellur hann í hagstæðan vörugjaldsflokk.



Fagrar línur einkenna þennan sérdeilis vandaða grip. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Fágun umfram ofurafl

Eina aflrásin sem er í boði í Lexus ES 300h samanstendur af 2,5 lítra bensínvél og tveimur rafmótorum sem saman skila 218 hestöflum til framhjólanna. Ekki mikill hestaflafjöldi, en hann er heldur ekki hugsaður sem spyrnukerra heldur bíll sem fer hrikalega vel með ökumann og farþega og skín af fágun og það skært. Bíllinn er þó langt í frá að vera neinn letingi því sprettinn í 100 tekur hann á 8,4 sekúndum. Aldrei finnst reyndar fyrir aflleysi á bílnum, en þeir sem kjósa spyrnukerrur ættu að leita annað. En að akstri Lexus ES300h:

Til að vera nú sem beinskeyttastur í orðum í samburðinum á þessum bíl og keppinautum hans þá er það svo að BMW 5, Audi A6 og Mercerdes Benz E-Class færa meira fjör í aksturinn, en þessi Lexus ES 300h rassskellir þá alla í fágun, lúxus, þægindum í akstri, lágri eyðslu og rekstrarkostnaði, svo ekki sé nú minnst á bilanatíðni og endursöluverð. Glæný gerð fjöðrunar sem Lexus segir að enginn annar bjóði virkar frábærlega og fer, eins og áður segir, hrikalega vel með ökumann. Því er ef til vill ekki endilega hægt að mæla með F-Sport útgáfu ES með stífari fjöðrun og minni fágun. Aksturinn og upplifunin í þessum bíl er eitthvað svo ljúf og mér fannst ég stundum vera „chauffeur“ forsetans, enda ekur hann á Lexus. Eini ókosturinn við akstur bílsins er hávaði frá vélinni þegar henni er gefið vel inn, en það á við fleiri Lexus- og Toyota-bíla.

### Öruggasti bíllinn í flokki stærri fólksbíla

Lexus ES er hlaðinn staðalbúnaði. Þar má nefna árekstrarviðvörunarbúnað, akreinavara, árekstrarvara, sjálfvirkan hraðastilli og umferðaskiltagreiningu, enda fékk hann nýlega 5 stjörnur fyrir öryggi hjá Euro NCAP-rannsóknarfyrirtækinu og var útnefndur öruggasti bíllinn í flokki stærri fólksbíla og í flokki tvinn- og rafmagnsbíla. Mikið pláss er bæði í farþega- og farangursrýminu en Lexus ES hefur besta fótarými bíla í þessum flokki. Lexus ES er fáanlegur í fjórum útfærslum, Comfort, Executive, F Sport og Luxury og kostar frá 7.910.000 kr. sem verður að teljast ágætasta verð fyrir svo tignarlegan bíl. Í Luxury-útfærslu er hann þó kominn upp í 10.060.000 kr.

# BÍLAR



Audi Q4 E-Tron sver sig ætt nýrra Audi-bíla og ekki verður sagt annað en að hann gleðji augað.

# Audi Q4 E-Tron í Genf

## Audi Q4 verður í boði með þrjár stærðir af rafhlöðum, sú minnsta verður með 320 km drægi og sú stærsta 500 km.

Audi Q4 jepplingur hefur verið á dagskrá hjá Audi í að minnsta kosti tvö ár og á að koma á markað á þriðja fjórðungi þessa árs. Audi ætlar hins vegar að kynna nýja gerð hans á komandi bílasýningu í Genf í byrjun næsta mánaðar og þar fer hreinræktaður rafmagnsbíll. Sú gerð hans á að fara í sölu í lok næsta árs eða í byrjun árs 2021. Bíllinn mun sitja á MEB-rafmagnsbílaundirvagni Volkswagen Group, en hann er undir öllum rafmagnsbílagerðum bílasamstæðunnar hvort sem þær bera nafnið Volkswagen, Audi, Skoda, Seat eða Porsche.

### Ætla að vera á undan samkeppninni

Með þessum bíl ætlar Audi helst að vera á undan með rafmagnsjeppling í samkeppni við bíla eins og Volvo XC40 í rafmagnsútfærslu, Tesla Model Y og rafmagnsjepplinga frá BMW og Benz. Audi ætlar ekki að láta staðar numið með þessum rafmagnaða Q4 því Q2 rafmagnsbíll er einnig á leiðinni og er honum helst ætlað að keppa á Kínamarkaði. Audi Q4 verður í boði með þrjár stærðir af rafhlöðum, þá minnstu 48 kWh með 320 km drægi, en sú langdrægasta á að ná 500 km drægi.



Lengri gerð Chevrolet Blazer verður aðeins framleidd fyrir Kínamarkað.

# Chevrolet Blazer með 3 sætaraðir

Aðeins einn mánuður er síðan Chevrolet kynnti Blazer-jeppa sinn, sem gengur nú í endurnýjun lífdaga eftir að hafa legið í láginni frá árinu 1999. Þróun bílsins heldur þó áfram hjá Chevrolet og nú er komið að lengri gerð hans með þrjár sætaraðir og verður hann fyrst settur á markað í Kína, en líklega í framhaldinu á aðra markaði. Til stendur að markaðssetja lengri útgáfuna í byrjun næsta árs í Kína. Hún fær stafina XL í endann og stafirnir segja allt sem segja þarf. Bíllinn er 14 cm lengri en hefðbundin gerð Blazer en undirvagn hans er sá sami og hann má einnig finna undir GMC Acadia og Cadillac XT5.

Bíllinn verður smíðaður í Kína af samstarfsaðila GM þarlendis, SAIC. General Motors, móðurfyrirtæki Chevrolet, segir að þessi bíll sé hentugur í sölu á þeim mörkuðum þar sem Chevrolet Traverse er ekki í sölu, en hann er einnig með þrjár sætaraðir en er enn þá stærri jeppi. Hefðbundinn tveggja sætaraða Blazer kostar aðeins 29.995 dollara í Bandaríkjunum, eða um 3,6 milljónir króna. Í þeirri ódýrustu gerð er hann með 193 hestafla 2,5 lítra vél. Hann má einnig fá með 3,6 lítra og 305 hestafla gerð og kostar þá 43.895 dollara, eða 5,3 milljónir króna.



# Mengunarlaus samgöngutækni heillar fleiri

Í síðustu viku náði tala seldra rafbíla frá Renault tvö hundruð þúsund eintaka markinu á Evrópumarkaði. Þar af er helmingurinn á götum heimalandsins, Frakklands, þar sem bíleigendur hafa tekið miklu ástfóstri við hina hljóðlátu og mengunarlausu samgöngutækni. Samkvæmt fréttum frá Renault er nærri einn af hverjum þremur rafbílum sem seldir eru í Evrópu frá Renault sem framleitt hefur rafbíla fyrir almennan markað frá 2011. Á síðasta ári jókst rafbílasala fyrirtækisins í Evrópu um 36% og var Frakkland stærsti markaðurinn með tæplega 57% sölu á rafknúnum fólksbílum og litlum sendibílum.

### Rafbílar við allra hæfi

Gilles Normand, einn af yfirmönnum á rafbílasviði Renault Group, segir tímamótin stóran áfanga fyrir fyrirtækið og til vitnis um dyggan stuðning við umhverfisstefnu Renault sem leggur ríka áherslu á framleiðslu grænna bíla. „Það hefur verið markviss stefna okkar sl. 10 ár að bjóða öllum kost á rafbíl á viðráðanlegu verði þannig að þeir henti öllum þjóðfélagshópum.

Áætlanir okkar gera ráð fyrir að árið 2022 verði átta mismunandi rafbílar í boði frá Renault Group sem standi undir að minnsta kosti 10 prósentum af heildarsölu móðurfyrirtækisins,“ segir Normand.

### ZOE og Kangoo

Renault er nú með fjóra rafbíla á markaðnum; fólksbílinn ZOE, sendibílana Kangoo Z.E. og Master Z.E. auk litla og lipra borgarsmábílsins Twizy sem minnir um margt á yfirbyggt fjórhjól.

Rafbílar verða sífellt langdrægari og öflugri og ár frá ári styttist sá tími sem tekur að hlaða rafhlöðuna. Hjá Renault eru ZOE og Kangoo Z.E. söluhæstu rafbílarnir enda velja sífellt fleiri græna kostinn. Má sem dæmi nefna að 51,5% rafknúinna lítilla sendibíla á Evrópumarkaði eru af tegundinni Kangoo Z.E.

Í júní 2018 kynnti Renault áætlun sína um að fjárfesta um einn milljarð evra í Frakklandi til að auka rafbílaframleiðslu fyrirtækisins, m.a. með tvöföldun á framleiðslu á ZOE sem selst hwefur einkar vel í heimalndinu Frakklandi og í fleiri löndum.



Rafmagnsbíllinn vinsæli, Renault ZOE.



Kia Soul.

## Kia Soul verður aðeins rafdrifinn

Næsta kynslóð hins kassalaga Kia Soul verður eingöngu í boði rafdrifin og mun fást með tveimur stærðum af rafhlöðum, 64 kWh og með 150 kW rafmótor og 39,2 kWh og með 100 kW rafmótor. Kia ætlar að kynna bílinn á bílasýningunni í Genf sem hefst 7. mars. Hann verður framleiddur í Gwangju-verksmiðju Kia í heimalandinu S-Kóreu. Sala bílsins hefst í Evrópu í lok árs. Drægi bílanna verður ansi drjúgt, eða 452 km og 277 km samkvæmt nýju WLTP-reglugerðinni.

Kia segir að rafhlöður bílanna hafi 25% meira geymslurými rafmagns hvað rúmmál þeirra snertir og að rafhlöðurnar séu 30% skilvirkari en í söluhæsta rafmagnsbíl heims, Nissan Leaf. Hlaða má rafhlöður bílanna að 80% hleðslu á 42 mínútum með 100 kW hleðslustöð. Rafhlöðurnar verða í ábyrgð í 7 ár eða upp að 150.000 km akstri bílanna.

Þyngd bílanna er 1.682 kg með stærri rafhlöðuna og 1.593 kg með þá minni. Skottrýmið er aðeins 315 lítrar með aftursætin uppi en 1.339 lítrar með þau niðri.

## Sex mótorhjólum í eigu Keith Richards stolið

Rolling Stones meðlimurinn Keith Richards er mikill mótorhjólaáhugamaður og á dágott safn hjóla. Keith varð þó fyrir því að þeim fækkaði aðeins um daginn því óprúttnir náungar nöppuðu sex mótorhjólum í hans eigu, sumum þeirra verðmætum söfnunargripum. Meðal hjólanna sem stolið var voru 1981 árgerðin af KTM 495, 1981 árgerðin af Maico 490, 1977 árgerðin af Maico 400, 2011 árgerðin af Husaberg 390, 2013 árgerðin af Beta 300 Evo og GasGas 300 Enduro hjóli. Erfitt gæti verið að koma þessum hjólum í verð þar sem fylgst er vel með afdrifum þeirra. Vonandi endurheimtir hinn 75 ára gítaristi Rolling Stones þessi hjól.

# Dacia Duster jeppinn og Sandero á toppnum

**Frá því að Dacia Sandero kom á markað í Bretlandi 2013 hefur bíllinn verið í miklu uppáhaldi meðal þarlendra sem vilja „bara“ einfaldan, áreiðanlegan og ágætlega vel búinn bíl á sem hagstæðustu verði. Duster skorar líka hátt.**

Á verðlaunahátíð breska tímaritsins What Car? sem nýlega var haldin í Bretlandi tók fólksbíllinn Dacia Sandero 1. sætið sem „Besti litli bíllinn“ í sínum verðflokki og jepplingurinn Dacia Duster 1. sætið sem „Besti fjölskyldujepplingurinn“ í sínum verðflokki og hlaut mikið lof fyrir þær breytingar sem hann fékk með annarri kynslóð sem kynnt var á síðasta ári.

### Sandero engum líkur

Frá því að Dacia Sandero kom á markað í Bretlandi 2013 hefur bíllinn verið í miklu uppáhaldi meðal þarlendra sem vilja „bara“ einfaldan, áreiðanlegan og ágætlega vel búinn bíl á sem hagstæðustu verði. Þessa kosti býður Sandero og því hefur hann vermt toppsætið hjá What Car? sem „Besti litli bíllinn“ í sínum verðflokki allar götur frá því að hann birtist á breska markaðnum. Í niðurstöðu dómnefndar What Car? í ár er mikið tekið til þess mikla virðis sem Sandero býður miðað við verð enda segir dómnefndin Sandero vera á „átakanlega viðráðanlegu verði“. Steve Huntingford, ritstjóri What Car?, segir Sandero m.a. einstakan fyrir þá sök að enginn annar bíll í verðflokknum bjóði sama góða rýmið og Sandero, bæði fyrir farþega og farangur.



Dacia Duster er fær í flestan sjó og líkar einkar vel í Bretlandi.

### Á einstöku verði

Sandero er sérlega ódýr bíll, kostar t.d. rétt rúmlega tvær milljónir króna hjá BL, og er búinn góðum staðalbúnaði. Meðal búnaðar er hiti í framsætum, stöðugleikastýring, brekkuaðstoð, Ecoakstursstilling, aksturstölva, aðgerðahnappar í stýri, handfrjáls símbúnaður með aðgerðahnöppum í stýri svo fátt eitt sé nefnt og hægt er að kynna sér nánar á vef BL.

### Flottari og betur búinn

Jepplingurinn Duster er einnig geysivinsæll á meginlandinu og var t.d. nýlega valinn besti drifbíllinn hjá Parkers í Bretlandi auk þess sem hann hreppti 1. sætið sem besti fjölskyldujepplingurinn hjá What Car? Meðal breytinga á nýju kynslóðinni má nefna nýjan og öflugri undirvagn til að auka torfærugetuna enn frekar auk þess sem bíllinn hefur fengið mun sportlegra og kröftugra ytra útlit. Farþegarýmið hefur líka tekið stakkaskiptum með nýrri innréttingu, nýjum sætum, betri hljóðeinangrun og uppfærðu afþreyingarkerfi og fjölnotaskjá sem m.a. tengist bakkmyndavél.

# VW T-Roc R fær 300 hestöfl undir vélarhlífina

Volkswagen ætlar að bjóða T-Roc jepplinginn í kraftaútfærslu og fær hann stafinn R í endann, en 300 hestöfl undir húddið. Volkswagen hefur ekki útbúið jeppa eða jeppling í R-útfærslu síðan Touareg R50 var og hét. Volkswagen T-Roc R verður eins konar Golf R á stultum og jafn öflugur, enda fær hann sömu forþjöppudrifnu 2,0 lítra TSI vélina og með sama 400 Nm toginu. Þetta afl dugar T-Roc R til að taka sprettinn í hundraðið á 4,9 sekúndum og hámarkshraðinn verður rafrænt takmarkaður við 250 km.

Bíllinn fær DSG-tvíkúplingarsjálfskiptinguna með 7 gírum og hann verður fjórhjóladrifinn eins og Golf R. Fyrir þá sem þora þá verður hægt að aftengja skrikvörn bílsins ef til dæmis á að drifta. VW T-Roc R fær líka pústkerfi frá Akrapovic úr títaníumblöndu, 18 eða 19 tommu álfelgur, stífari fjöðrun en í hefðbundnum T-Roc og bíllinn situr lægra á vegi. Volkswagen ætlar að sýna VW T-Roc R á bílasýningunni í Genf sem hefst 7. mars og hann mun síðan fást til kaups á síðari hluta ársins.



VW T-Roc mun koma á markað í kraftaútfærslu síðar á árinu.




Eigum nokkra sérstaklega vel útbúna Audi A3 e-tron og Q7 e-tron á einstökum kjörum.

## Audi A3 e-tron

Verðlistaverð ~~4.860.000~~ kr.
**Tilboðsverð 3.990.000 kr.**

**Meðal búnaðar á tilboðsbíl:**
- Nálgunarvörn framan og aftan
- Dynamic stefnuljós
- LED afturljós
- Lyklalaust aðgengi
- Tvískipt sjálfvirk loftkæling
- Skriðstillir (Cruise control)
- Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
- Árekstrarvörn (pre sense)
- 17“ álfelgur
- Bakkmyndavél
- Dökkar rúður

## Audi Q7 e-tron quattro

Verðlistaverð ~~12.300.000~~ kr.
**Tilboðsverð 10.990.000 kr.**

**Meðal búnaðar á tilboðsbíl:**
- Sportsæti með leður / alcantara áklæði
- Samlitun á brettaköntum og stuðara
- Leðurklætt aðgerðastýri sport, fjögurra arma með flipaskiptingu
- Bakkmyndavél
- 20“ álfelgur
- Lykillaust aðgengi með snertilausri opnun á afturhlera
- Ambient inniljósapakki (stemningslýsing)
- Nálgunarvari framan og aftan
- Dráttarbeisli með bakkaðstoð
- Hæðastillanleg loftpúðafjöðrun
- Dökkar rúður

Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/audi

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

**KOSTIR OG GALLAR**

## JEEP CHEROKEE

- **2,2 LÍTRA DÍSILVÉL**
- **195 HESTÖFL**
- **FJÓRHJÓLADRIF**
- **Eyðsla** 5,7 l/ km í bl. akstri
- **Mengun:** 172 g/km $CO_2$

- **Hröðun:** 8,8 sek. í 100 km hraða
- **Hámarkshraði:** 202 km/klst.
- **Verð frá:** 7.990.000 m.kr.
- **Umboð:** Ísband, Mosfellsbæ

Kostir:
- **Torfærugeta**
- **Staðalbúnaður**

Gallar:
- **Sjálfskipting**
- **Eyðsla**
- **Verð**

# Tímabær andlitslyfting

Fimmta kynslóð Jeep Cherokee er frá árinu 2013 og því kominn tími á andlitslyftingu hans. Hann er hérlendis í boði einungis með 2,2 lítra 195 hestafla dísilvél og 9 gíra sjálfskiptingu.

Bílamerkið sem bjó til jeppann er sannarlega Jeep. Ekkert segir meira JEPPI en Jeep enda orðið frá merkinu komið. En meira að segja Jeep hefur teygt sig niður skalann í stærð og jeppagetu til að þjóna endalausum þörfum markaðarins fyrir bíla með hárri setu án þess að þeir eigi mikið erindi í vegleysur. Segja má að Jeep Cherokee liggi einhvers staðar þar á milli, en flestir eigendur hans eiga meira erindi í mollið en á torfærari vegslóða. Þó má alveg treysta Jeep Cherokee í smá átök, en rétt er þó að aðgreina hann nokkuð frá stærri bróðurnum Jeep Grand Cherokee sem er með háu og lágu drifi, sem ekki er í þessum venjulega Cherokee.

Þar fyrir ofan í getu er svo Wrangler sem sniðinn er til átaka við torfærurnar. Fyrir neðan Cherokee eru svo Compass og Renegade þar sem Jeep hefur krækt sér í nýjan og stækkandi kúnnahóp sem gerir ekki miklar torfærukröfur en vill eiga Jeep og sitja hátt. Reyndar er það svo að Jeep hittir algjörlega í mark hvað eftirspurn varðar á tímum jeppa og jepplinga, ekki síst á heimamarkaðnum í Bandaríkjunum þar sem megnið af seldum bílum eru af þeirri gerð að pallbílum meðtöldum. Enda hefur salan verið glimrandi á síðastliðnum árum, þarlendis sem annars staðar.


Jeep Cherokee er reffilegur á velli og til Íslands hafa margir slíkir bílar ratað í gegnum árin og virðast endast einkar vel. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

### Mýkri línur og breyttur framendi

Núverandi fimmta kynslóð Jeep Cherokee kom fram árið 2013, en með 2019 árgerðinni gerði Jeep umtalsverðar breytingar á bílnum í útliti, innréttingu, tæknibúnaði og bætti við í vélaúrvali. Nýtt útlit hans hefur fært hann nær Grand Cherokee og Compass og því er hann ekki eins sjálfstæður í útliti og áður. Mat greinarritara er þó svo að hann er nú meira fyrir augað þó ekki sé hann sláandi fallegur. Mörgum fannst framendinn á forveranum full reiðilegur og grófgerður og hefur hann mýkst og grillopin sjö minnkað.

Að innan er allt nokkuð smekklegt en hann fær þó engin hönnunarverðlaun eða klapp fyrir efnisnotkun. Mjög jákvæð breyting er fólgin í stórum bakka fyrir framan gírskiptinguna sem rúmar allra stærstu farsíma og USB-tengi rétt við. Bæði hiti og kæling í framsætum kemur líka skemmtilega á óvart og risastórt geymsluhólf undir armpúðanum í miðjunni, sem og stór flöskuhólfin í hurðunum. Öll sæti bílsins eru þægileg en fáir fullorðnir vildu vera sem fimmti farþegi í miðju aftursætisins. Skottrýmið mætti líka vera stærra og mætir þar ekki samkeppninni með sína 570 lítra. Toyota RAV4 og Honda CR-V eru með meira skottrými. Einn stór kostur í mælaborðinu er fólginn í því hve snúningstakkar eru stórir, sem alltaf ætti að vera í jeppum.

### Fín vél en undarleg skipting

Hjá Ísband í Mosfellsbæ, söluaðila Jeep, er Cherokee í boði aðeins með einni vélargerð. Það er 2,2 lítra og 195 hestafla MultiJet dísilvél. Þessi vél togar bílinn ágætlega áfram en gerir hann ekki að neinni rakettu. Vélin hefur í sjálfu sér nægt afl og tog en þjáist mjög af undarlegri 9 gíra sjálfskiptingunni sem veit oft á tíðum ekki hvar hún á að vera og hangir alltof oft á snúningi þar sem fullt afl vélarinnar nýtist ekki. Oftar en ekki á of háum snúningi. Það breytist því miður ekki við það að skipta um þær 4 akstursstillingar sem í boði eru, en hann er þó snarpari í Sportstillingunni. Hvort sem það var skiptingunni að kenna eða öðru var mjög erfitt að komast nálægt uppgefnum eyðslutölum sem er 5,7 lítrar í blönduðum akstri, en tíðara var að sjá um þrefalda þá tölu. Kalt var þó í veðri í reynsluakstri bílsins og snjór á götum.

Bíllinn fór vel með ökumann í akstri en fyrir svo háfættan bíl gætti eðlilega hliðarhalla er lagt var á hann. Vel má ímynda sér að Cherokee sé einkar þægilegur í langakstri, en liprari samkeppnisbíla má fá fyrir borgaraksturinn. Verst er að geta ekki nýtt fullt afl vélarinnar vegna einkennilegrar skiptingarinnar, sérlega í framúrakstri eða almennt í grimmum akstri. Ef aldrei er stigið almennilega á eldsneytisgjöfina finnst þó síður fyrir þessum og því munu margir aldrei finna þennan ókost.

### Vel búinn en kostar sitt

Jeep Cherokee er hérlendis aðeins í boði fjórhjóladrifinn af skiljanlegum ástæðum, þó svo hann sé einnig framleiddur með framhjóladrifi eingöngu. Því er ódýrasta útfærsla hans ekki í boði en það væri 148 hestafla bensínbíll. Ísband býður Cherokee í tveimur útfærslum, Longitude Luxury á 7.990.000 kr. og Limited á 9.580.000 kr. en þá er bíllinn kominn með hátt og lágt drif og fullt af aukabúnaði.

Í ódýrari útgáfunni fylgir þó margt gúmmelaðið, svo sem áðurnefndar akstursstillingar og hiti og kæling framsæta, en að auki mjög gott hljóðkerfi, fjarstart, leðurinnrétting, Apple & Androit Carplay, rafdrifin framsæti, rafdrifin snertilaus opnun á afturhlera og svo mætti lengi telja. Vel búinn bíll og með talsvert meiri torfærugetu en margur samkeppnisbíllinn. Hann þjáist þó helst af undarlegri skiptingunni og tiltölulega háu verði.









2,2 lítra dísilvélin er 195 hestöfl og er hún tengd við 9 gíra sjálfskiptingu. Skottrými er 570 lítrar.

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN
Innovation that excites




*Drægi samkvæmt nýjustu WLTP stöðlum er 278 km*. Drægi bíls fer eftir akstursIagi, hitastigi, ástandi vega og ýmsum öðrum þáttum.

# NISSAN LEAF TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í Evrópu frá fyrstu gerð árið 2010 og nú er ný sending tilbúin til afgreiðslu. Nissan Leaf er með 40 kWh rafhlöðu sem gefur allt að 250 km* raundrægi við íslenskar aðstæður. Nú þarf að bregðast skjótt við til að grípa tækfærið og skipta yfir í grænni lífsstíl á glænýjum Nissan Leaf.

## Ný og fullkomin tækni

**ProPilot** er fyrsta kynslóð tæknibúnaðar frá Nissan í þróun sjálfkeyrandi bíla. ProPilot eykur öryggi í akstri og aðstoðar ökumann við að fylgjast með umferð auk þess sem búnaðurinn getur lagt bílnum í stæði. ProPilot er staðalbúnaður í Tekna.
Með 3G tengingu í LEAF er hægt að stjórna miðstöð, sjá stöðu rafhlöðu, orkunotkun og margt fleira í gegnum Nissan **EV Connect** appið.

ENNEMM / SÍA / NM92451

**Nissan Leaf. Verð frá 4.490.000 kr.**
Nánari upplýsingar á nissan.is

zero Emission

5 ÁRA ÁBYRGÐ 120.000 KM

WINNER
WORLD CAR AWARDS
2018 WORLD GREEN CAR

Nýr Nissan Leaf var kjörinn
**The World Green Car 2018**
á alþjóðlegu bílasýningunni í New York.

| Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|
| Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# BÍLAR

## Ferrari F8 Tributo leysir af 488 GTB með stæl

Árið 2015 kynnti Ferrari 488 GTB bíl sinn sem leysti 458 Italia bílinn af hólmi. Nú er tími hans á enda runninn því Ferrari mun kynna þann bíl sem leysir hann af hólmi, Ferrari F8 Tributo, á bílasýningunni í Genf sem hefst eftir viku. Ferrari F8 Tributo fær 50 viðbótarhestöfl og verður 40 kg léttari en 488 GTB bíllinn. Það þýðir 720 öskrandi hestöfl og 770 Nm tog úr 3,9 lítra V8 vélinni með tveimur forþjöppum. Það dugar þessum nýja Ferrari til að taka sprettinn í 100 á 2,9 sekúndum og upp í 200 á 7,8 sekúndum, eða hálfri sekúndu skemur en 488 GTB. Hámarkshraði bílsins verður 340 km/klst. eða 10 km meiri en forverans. Ferrari fullyrðir að ekkert forþjöppuhik sé í bílnum.

Ferrari F8 Tributo er aðeins 1.330 kg enda smíðaður úr léttum efnum þótt sterkur sé. Ferrari segir að nýi bíllinn kljúfi vindinn 10% betur en forverinn. Nokkrar breytingar eru einnig í innanrými F8 Tributo og meðal annars fær hann nýtt stýri og 7 tommu snertiskjá í mælaborðið. Blaðamenn mun njóta þess að fá fyrstir að berja þennan bíl augum á pressudögunum tveimur sem eru á undan formlegri opnun bílasýningarinnar í Genf og hefjast blaðadagarnir 5. mars.



Ferrari F8 Tributo er sannarlega rennilegur bíll.



Dökkleit afmælisútgáfa.

## Tíu ára afmælisútgáfa Audi R8 V10

Í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá því að Audi kynnti V10 5,2 lítra FSI-vélina í R8 sportbílnum ætlar Audi að framleiða 222 sérmerkt eintök af þessum magnaða bíl í þessum svargráa lit. Til að tryggja sér eintak af bílnum þarf að punga út 222.000 evrum en venjulegur Audi R8 V10 Performance kostar 200.000 evrur.

Audi R8 V10 FSI er 620 hestöfl og aðeins 3,1 sekúndu í 100 km hraða og með hámarkshraðann 331 km/klst. Þessi afmælisútgáfa verður með sama afli. Svartur litur verður einkennandi á þessari afmælisútgáfu, bæði að utan og innan og meira að segja er Audi merkið að framan svart en ekki krómað. Svarti liturinn heldur áfram að innan en sætin eru stungin með bronslitum þræði.



Úr verksmiðju Ford í Kína.

## Ford Changan segir upp þúsundum manna í Kína

Samstarfsaðili Ford í Kína er Changan og þar eru Fordbílar fyrir Kínamarkað framleiddir. Nú heyrast þær raddir að Changan hafi hafið viðamiklar uppsagnir á starfsfólki sökum dræmrar sölu Ford-bíla í Kína undanfarið. Þar starfa 20.000 manns en þeim mun fækka um nokkur þúsund á næstunni ef heimildir frá Kína reynast réttar. Ford hefur ekki staðfest þessar fréttir og verst reyndar frétta af vandræðum sínum í Kína, langstærsta bílamarkaði heims.

Flestir stærri bílaframleiðendur heims hafa fjárfest fyrir milljarða á milljarða ofan í Kína en nú hefur aldeilis dregið fyrir sölu í bílasölu þar eystra. Svo slæmt er ástandið í þeim þremur verksmiðjum sem Ford rekur með Changan í Kína að framleiðslan mun fara þar fram á fimmtungi af mögulegri framleiðslugetu og það mun vart borga sig til framtíðar.





Bernhard - Honda á Íslandi • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is
Umboðsaðilar: Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Laus við gigtarverki með Nutrilenk

NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjáðst hafa af liðverkjum, stirðleika eða braki í liðum. Ekkert lát er á vinsældum þessa liðbætiefnis og það fjölgar stöðugt í hópi þeirra sem öðlast nýtt líf.



Sigrún Björk, fulltrúi Starfsmannafélags Suðurnesja, hefur góða reynslu af Nutrilenk. MYND/STEFÁN

Nutrilenk liðbætiefnin eru Íslendingum góðkunn. Gold, Active og Gel eiga það öll sameiginlegt að þau hjálpa til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum. Nutrilenk Active smyr stirða liði og hjálpar fólki sem þjáist af minnkandi liðvökva. Nutrilenk Gel er kælandi og bólgueyðandi og hentar bæði á auma liði og vöðva. Nutrilenk Gold er þekktasta efnið en það getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun sem virðist hrjá ótrúlega marga, hvort sem er vegna aldurs, álags eða slyss,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.




## Byggingarefni brjóskvefs

„Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold er kondrótín, kollagen og kalk en það er unnið úr sérvöldum fiskibeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af þessum efnum. Til þess að gera þessi innihaldsefni virk, eru þau meðhöndluð með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir þau frásogunarhæf og virk sem frábær byggingarefni fyrir brjóskvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest og hentar fólki á öllum aldri,“ útskýrir Hrönn.

## Er laus við gigtarlyfið

Sigrún Björk Sverrisdóttir er ein af þeim sem taka Nutrilenk Gold alla daga en hún er með slitgigt í hálsi og finnur einnig til í axlar- og mjaðmaliðum:

„Ég hafði tekið bólgu- og verkjastillandi gigtarlyf í ein sjö ár þegar læknirinn benti mér á að nú væri tími kominn á að endurskoða hlutina því það er ekki gott að taka lyfið í mjög langan tíma. Ég hafði stuttu áður byrjað að taka Nutrilenk Gold þannig að ég tók gigtarlyfið alveg út og fór að taka Nutrilenkið af fullum krafti. Fyrst 3 x 2 töflur á dag og síðar 3-4 töflur. Það tók mig nokkrar vikur að finna einhvern mun en ég þráaðist við og tók þá stundum 5 töflur á dag. Í dag er ég bara nokkuð góð og mjög sátt við að vera laus við gigtarlyfið. Ef ég gleymi að taka Nutrilenkið þá finn ég fljótt fyrir því. Nú eru fleiri í fjölskyldunni farnir að taka Nutrilenk Gold, m.a. vegna slæmsku í hnjám, og allir eru jafn ánægðir.“

> **Í dag er ég bara nokkuð góð og mjög sátt við að vera laus við gigtarlyfið. Ef ég gleymi að taka Nutrilenkið þá finn ég fljótt fyrir því**
>
> **Sigrún Björk Sverrisdóttir, fulltrúi Starfsmannafélags Suðurnesja**





Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.



## Bílar & Farartæki

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Hjólbarðar

**VAKA**

ALLIR UPP Á DEKK!
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA OG GOTT ÚRVAL DEKKJA

Sími: 567 6700 | vakahf.is

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**-ÖLL ALMENN JARÐVINNA-**
Gröfum fyrir húsgrunnum, fyllum í sökkla, landmótun, drenlagnir, göngustígar, trjáfellingar, grjóthleðsla, þökulagning, hellulagnir, rotþrær og fl.
Útvegum allt efni og sjáum um efnisflutning. Ekkert verkefni er of lítið eða of stórt.
**Hafið samband og fáðu tilboð í þitt verk Eiríkur 865-4202**

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**HSE Bókhald & Uppgjör slf**
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

**RÁÐGJÖF.**
Vantar þig fyrirtækja aðstoð s.s. Fjármál, sölumál, markaðsmál, starfsmannamál eða almenna fyrirtækjaráðgjöf. Margra ára reynsla í fyrirtækjarekstri.
**Hafðu samb. í 8211000**
**Guðlaugur eða**
**laugim66@gmail.com**

**Kynntu þér málið.**

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Spái í spil,tek fólk heim. Tímapantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...

### Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 11 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góð þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**




# Nú skrúfum við niður verðið



**TOYOTA Yaris hybrid edition s.** Árgerð 2017, ekinn 19 Þ.KM, bensín,/rafm sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.116755.



LÆKKAÐ VERÐ

**TOYOTA Yaris live tss.** Árgerð 2018, ekinn 29 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.680.000.** Rnr.116668.



**LAND ROVER** Range rover sport hse dynamic black edison. Árgerð 2015, ekinn 58 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 10.900.000.** Rnr.116656.



LÆKKAÐ VERÐ

**MERCEDES-BENZ Ml 250 bluetec 4matic.** Árgerð 2013, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. **Verð 4.980.000.** Rnr.116718.



**JEEP Grand cherokee limited 25th anniversary.** Árgerð 2018, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 8.980.000.** Rnr.213424.



LÆKKAÐ VERÐ

**VOLVO Xc90 inscription t8 hybrid.** Árgerð 2019, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 11.680.000.** Rnr.212905.



LÆKKAÐ VERÐ

**TOYOTA Rav4 sport hybrid awd 50% rafmagn.** Nýsk 2019 nýr bensín/rafmagn sjálfskiptur. **Verð 5.690.000.** Rnr.116595.



LÆKKAÐ VERÐ

**VOLVO Xc60 r-design.** Árgerð 2015, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 5.490.000.** Rnr.213308.



**TOYOTA Land cruiser 150 35" gx.** Árgerð 2014, ekinn 79 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. 7 manna **Verð 7.490.000.** Rnr.116731.



LÆKKAÐ VERÐ

**LAND ROVER Range rover sport hse dynamic .** Árgerð 2016, ekinn 44 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 10.480.000.** Rnr.341018.

**567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS**
**BÍLAHÖLLIN**
**BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK**

**Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.**
**Sími utan opnunartíma • S. 861 2165**

**REYNSLA OG TRAUST Í 30 ÁR**



**CHEVROLET Silverado ltz z71 3500.** Árgerð 2015, ekinn 66 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.630.000.** verð án vsk Rnr.116751.



LÆKKAÐ VERÐ

**FORD F350 platinium .** Árgerð 2018, ekinn 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 7.999.000.** verð án vsk Rnr.115864.



**TOYOTA Proace.** Árgerð 2017, ekinn 11 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.690.000.** Rnr.360334.

**Bílafjármögnun Landsbankans**

# Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA®



**ST 5266 PB snjóblásari**

B&S mótor, 250cc, rafstart
Kastar 1-12 metra
Vinnubreidd 66 cm.
Upphituð handföng og ljós
Frábær í erfiðan snjómokstur

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Ófbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
Tvö til fjögur vinnupláss eru í boði á arkitektastofu í eigin húsnæði á besta stað í miðborginni. Bjartur og fallegur vinnustaður. Áhugasamir hafi samband í síma 864-7835

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

# Atvinna

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

**MARKAÐURINN**
Fyrst og fremst viðskiptafréttir
Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

## Námskeið

**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

**Erum að byrja með smáskipa- og skemmtibátanámskeið sem standa frá 18. mars til 27. apríl 2019.**
Skráning og nánari upplýsingar í símum 514 9602 og 665 1100 og einnig á þessum slóðum:
https://tskoli.is/namskeid/smaskipanamskeid/
https://tskoli.is/namskeid/skemmtibatanamskeid/

## Til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Þú finnur draumastarfið á **Job.is**
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU




**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

**STÓRA BÍLASALAN**
...á verði fyrir þig!

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1 | 0 |
| Ísafjörður | -4 | 5 |
| Akureyri | -2 | 1 |
| Egilsstaðir | -2 | 1 |
| Kirkjubæjarkl. | 0 | 2 |
| Hveravellir | -9 | 4 |

Hæg norðlæg eða breytileg átt og bjart með köflum, en él á stöku stað. Hiti um eða yfir frostmarki sunnan heiða að deginum en 0 til 7 stiga frost annars staðar.

## Miðvikudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1 | 7 |
| Ísafjörður | -7 | 5 |
| Akureyri | -4 | 2 |
| Egilsstaðir | -3 | 1 |
| Kirkjubæjarkl. | -1 | 4 |
| Hveravellir | -10 | 6 |

## Fimmtudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -1 | 2 |
| Ísafjörður | -5 | 3 |
| Akureyri | -5 | 1 |
| Egilsstaðir | -5 | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 0 | 2 |
| Hveravellir | -6 | 5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 3 | | 7 | 4 |
| | 1 | 5 | | | 9 | 8 | | |
| | | 3 | | 4 | | | | |
| 5 | | | | | | 6 | 8 | 3 |
| | 8 | | | 1 | | | 2 | |
| 7 | | | 2 | | | | 5 | |
| 8 | 4 | | 1 | 9 | | | 6 | |
| 9 | | | 4 | | | | | |
| | | 6 | | | 2 | | | 7 |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 9 | | | 2 | | | | | |
| 1 | 2 | | | 6 | 7 | | | 9 |
| | 5 | | | | 3 | 9 | | 4 |
| | | | 5 | 2 | | 1 | | 3 |
| 6 | | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 7 | | 5 | | |
| 4 | 6 | | | | | | 1 | 7 |
| | | | | | | | 4 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | 4 | | 9 | 6 | | | | |
| | | 6 | | | | | | 2 |
| | | 5 | | | 2 | 4 | | |
| | | 4 | 3 | | | 1 | 5 | |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 8 | 3 | 2 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. mælieining
5. bergmála
6. átt
8. úlfabaunir
10. ekki
11. poka
12. gangeyrir
13. málmur
15. hryggleysingjar
17. fangi

**LÓÐRÉTT**
1. sameind
2. fugl
3. ósigur
4. út
7. þjappari
9. álíta
12. karl
14. stígandi
16. rún

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

LÁRÉTT: 1. metri, 5. óma, 6. ny, 8. lúpína, 10. ei, 11. mal, 12. mynt, 13. úran, 15. lindýr, 17. snarl.
LÓÐRÉTT: 1. molekúl, 2. emúi, 3. tap, 4. innan, 7. valtari, 9. ímynda, 12. mann, 14. rís, 16. ýr.

## Skák Gunnar Björnsson

Spielman átti leik gegn Landau í Hollandi árið 1932.

**1. Rf6+! gxf6 2. Dg4+ Kh7 3. Kg2! 1-0.** Í skákdálki gærdagsins var farið rangt með hvaða sveitir féllu niður í 2. deild. Það voru b-sveit Hugins og Skákdeild KR. Skákfélag Selfoss og nágrennis vann sigur í 2. deild. B-sveit Víkingaklúbbsins fylgir þeim upp í 1. deild. B-sveit Skákfélags Akureyrar endaði í 3. sæti. B-sveit Breiðabliks, Bolungarvíkur og Reykjaness og Vinaskákfélagið féllu niður í 3. deild.
**www.skak.is:** Héðinn í St. Louis.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 3 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 4 |
| 3 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!
www.hagvangur.is
HAGVANGUR


GRÁTANDI GLUGGAR?
Er loftrakinn of hár! Þurrkaðu loftið.
Þurrktæki frá 39.990
Dreifðu varmanum
-fáðu hitann niður
Loftviftur
Hljóðlátar
baðviftur
Hljóðlátir
blásarar
100 mm
Hitablásari
Frábær í bílskúrinn
Verð
frá kr
66.990
Þakblásarar
Mikið úrval af stærðum og gerðum.
Loftræsting
Sparaðu orku!
Erum í Smiðjuhverfi, til móts við Mjódd.
Andaðu léttar
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur
viftur.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING

## Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

**5. MARS 2019**

**Hvað?** Gammar á Kex
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28
Djassbræðingssveitin Gammar spilar á Jazzkvöldi Kex Hostels í kvöld. Sveitin var á sínum tíma atkvæðamikil í djass-rokktónlistinni á Íslandi og gaf út þrjár hljómplötur með frumsömdu efni. Á tónleikunum leika þeir félagar nýtt efni í bland við eldri lög. Nánast allt efni hljómsveitarinnar er frumsamið og því er hér tilvalið tækifæri til að hlýða á nýtt djass-rokkefni frá íslenskri hljómsveit.



**Hvað?** Bingó Kiwanisklúbbsins Dyngju til styrktar börnum
**Hvenær?** 20.00-22.00
**Hvar?** Árskógum 4, Breiðholti
Kiwanisklúbburinn Dyngja heldur bingó 5. mars í Árskógum 4, í sal félagsstarfs eldri borgara í Breiðholti. Öllum ágóða af bingóinu verður varið til styrktar Vinasetrinu, sem er heimili sem veitir börnum, sem á þurfa að halda, stuðning og helgardvöl. Vinningar eru glæsilegir, m.a. vönduð gjafa- og merkjavara, matar- og kryddkörfur, ferðavinningar og gjafabréf. Nýbakaðar pönnukökur og drykkir seldar í hléi.

**Hvað?** Sextíu kíló af sólskini á Bókmenntakvöldi
**Hvenær?** 19.30-20.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness, Eiðistorgi 11
**Hallgrímur Helgason** rithöfundur les upp úr og fjallar um bók sína Sextíu kíló af sólskini, en hún hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2018. Sextíu kíló af sólskini fjallar um mikla umbrotatíma í íslenskri sögu; hér segir af því þegar nútíminn sigldi til hafnar á Norðurlandi og Norðmenn námu landið öðru sinni. Saga sem bæði grætir og gleður og hefur fengið lofsamlega dóma.Allir velkomnir og boðið er upp á kaffi og með því.

**Hvað?** Ljósmyndum safnað í 111 ár
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41
Þriðjudaginn 5. mars kl. 12 flytur Inga Lára Baldvinsdóttir, sviðsstjóri Ljósmyndasafns Íslands, erindi í fyrirlestrasal safnsins. Söfnun ljósmynda varð hluti af starfsemi **Þjóðminjasafns Íslands** árið 1908 þegar sérstakt Mannamyndasafn var sett á fót sem safnheild innan safnsins. Ljósmyndir urðu síðan æ stærri hluti af safnkosti Þjóðminjasafnsins eftir því sem leið á 20. öldina. Nú þegar liðið er fram á 21. öldina eru ljósmyndir orðnar stærsti hluti safnkostsins í magni talið.











Einar Kári, Kristín María og Jóhannes ásamt Styrmi Dýrfjörð hafa stofnað nýtt bókaforlag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Skoða bókmenntasöguna með nýjum augum

**Nýtt bókaforlag lítur dagsins ljós. Stofnendur eru ungt fólk sem hefur lengi fylgst með bókaútgáfu. Fyrsta bókin er endurútgáfa á Undir fána lýðveldisins.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Una útgáfuhús er nýtt forlag, en nafnið er hugsað sem tenging við Unuhús og þann hóp sem þar kom saman. Stofnendur eru Einar Kári Jóhannsson, Kristín María Kristinsdóttir, Jóhannes Helgason og Styrmir Dýrfjörð. Þau hafa stundað nám í íslensku, heimspeki og bókmenntafræði og starfað saman í bókabúð.

### Komu auga á gat

„Við höfum fylgst með bókaútgáfu mjög lengi og komum auga á smá gat, ekki endilega í markaðnum heldur menningarlega og hugmyndafræðilega. Bækur eru yfirleitt prentaðar einu sinni og koma ekki aftur út og nýjar kynslóðir hafa lítinn aðgang að þeim. Það er líka oft erfitt fyrir ungskáld og nýja höfunda að fá verk sín gefin út og við viljum skapa vettvang fyrir þessa höfunda,“ segir Einar Kári.

„Við viljum ekki síst endurútgefa gamlar bækur sem eru ef til vill gleymdar en skipta máli og eiga erindi við samtímann. Við ætlum líka að gefa út þýðingar á sígildum samtímaverkum, kannski ekki þau allra klassískustu, en verk sem annars myndu varla koma út á íslensku,“ segir Kristín María. „Við erum að skoða bókmenntasöguna með nýjum augum, erum til dæmis að skoða merkileg eldri verk eftir skáldkonur, verk sem náðu ekki fótfestu. En við erum aðeins í startholunum og að skoða ýmislegt.“

**VIÐ HÖFUM FYLGST MEÐ BÓKAÚTGÁFU MJÖG LENGI OG KOMUM AUGA Á SMÁ GAT, EKKI ENDILEGA Í MARKAÐNUM HELDUR MENNINGARLEGA OG HUGMYNDAFRÆÐILEGA.**

### Áhugaverð saga

Fyrsta bók Unu útgáfuhúss er komin út, en það er bókin Undir fána lýðveldisins, endurminningar Hallgríms Hallgrímssonar sem barðist í spænsku borgarastyrjöldinni. Jóhannes rakst á þá bók í Kolaportinu, keypti hana og las. „Mér fannst hún einstaklega áhugaverð og vel til endurútgáfu fallin en hún kom fyrst út árið 1942 í litlum bæklingi,“ segir hann.

Saga Hallgríms hefur haft áhrif á aðra höfunda og var til dæmis kveikja að skáldsögu Álfrúnar Gunnlaugsdóttur, Yfir Ebrofljótið. Einar Kári og Styrmir skrifa eftirmála við þessa nýju útgáfu á Undir fána lýðveldisins.

„Frásögn Hallgríms er eins og spennusaga og hann er afar einlægur í lýsingum sínum,“ segir Einar Kári. „Við Styrmir fórum að skoða líf hans og það varð að heljarinnar rannsókn. Hallgrímur átti okkur í nokkra mánuði. Við kynntumst dóttur hans, Höllu Mjöll Hallgrímsdóttur, sem lét okkur í té áður óbirt bréf eftir hann og við fórum á skjalasöfn og fundum mikið af upplýsingum þar.

Það er áhugavert hvernig þessi fátæki drengur varð eins róttækur og raun ber vitni. Ungur byrjaði hann í kvöldskóla hjá Einari Olgeirssyni og tók þátt í verkföllum. Hann var síðan meðal yngstu stofnmeðlima Kommúnistaflokks Íslands og fékk inngöngu í skóla Komintern í Moskvu. Íslenskir sagnfræðingar hafa tekist á um hvort Hallgrímur hafi lært til hernaðar í Rússlandi og hafi jafnvel átt að stjórna vopnaðri byltingu hér á landi. Við stígum varlega til jarðar í þeim efnum, enda erum við fædd eftir lok kalda stríðsins og vildum frekar gefa mannlega mynd af Hallgrími og um leið reyna að skilja róttækni fjórða áratugarins. Það finnst okkur frekar til þess fallið að spegla samtímann. Til dæmis eru ýmis líkindi með honum og Hauki Hilmarssyni. Báðir hverfa þeir nær sporlaust 32 ára og eru brennandi hugsjónamenn sem taka þátt í erlendu stríði án þess að tilkynna neinum hvert þeir eru að fara.“



# STÓLADAGAR

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÓLUM!



| HEADPOINT | ERGO MEDIC 100-3 | W70 FUNDARSTÓLL | CUBE FUNDARSTÓLL |
|---|---|---|---|
| VERÐ NÚ | VERÐ NÚ | VERÐ NÚ | VERÐ NÚ |
| **56.900 KR.** | **136.900 KR.** | **79.900 KR.** | **42.900 KR.** |

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is



| VESTA | CAFÉ VII | STYL VISITOR | CALADO |
|---|---|---|---|
| VERÐ NÚ | VERÐ NÚ | VERÐ NÚ | VERÐ NÚ |
| **16.900 KR.** | **18.900 KR.** | **9.900 KR.** | **18.900 KR.** |

## Sæktu nýtt RÚV app fyrir snjalltæki




## Hvar og hvenær sem þér hentar

- Fjölbreytt dagskrárefni RÚV í sjónvarpi, útvarpi og vef aðgengilegt á einum stað.
- Beint streymi sjónvarps og útvarps.
- Ítarleg leit og dagskrárupplýsingar.
- Fyrir iOS og Android.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

### RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Seltjarnarnes - Reykjavík**
**14.00 Úr Gullkistu RÚV. Andraland II**
**14.35 Úr Gullkistu RÚV. Íslenskur matur**
**15.10 Basl er búskapur**
**15.40 Ferðastiklur Á Víknaslóðum**
**16.25 Menningin - samantekt**
**16.55 Íslendingar Björn Th. Björnsson** Björn Th. Björnsson listfræðingur var brautryðjandi í rannsóknum á íslenskri myndlist. Hann starfaði um árabil sem kennari í fræðigrein sinni, skrifaði ritgerðir og bækur um sögu íslenskrar myndlistar auk sögulegra skáldsagna. Um langt skeið annaðist hann þáttagerð um menningu og sögu fyrir Ríkisútvarpið, útvarp og sjónvarp. Dagskrárefnið er úr safni RÚV. Umsjón og dagskrárgerð: Andrés Indriðason.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Óargardýr** Hin stórskemmtilega og orkumikla Naomi ferðast um heiminn í leit að drungalegum hliðum náttúrunnar. Hún ætlar ekki að láta skrýtin, ógnvænleg eða hættuleg dýr valda sér martröð, hver sem þau eru.
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.46 Hjá dýralækninum**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt.
**19.45 Menningin**
**19.50 Kveikur**
**20.35 Matur. Gómsæt vísindi** Heimildarþáttaröð í þremur hlutum frá BBC þar sem Michael Mosley og grasafræðingurinn James Wong rannsaka eðlis-, efna- og líffræði hvers matarbita. Þeir fjalla meðal annars um hvernig maturinn sem við innbyrðum heldur líkama okkar hraustum, þeir ferðast um heiminn og skoða hvers vegna matur bragðast vel og rannsaka hvernig efnafræðileg samsetning matar hefur áhrif á heilastarfsemi okkar og langanir.
**21.30 Trúður Klovn**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Bjargið mér** Bresk spennuþáttaröð frá höfundum þáttanna Skylduverk, eða Line of Duty. Þegar Nelly kemst að því að þrettán ára dóttir hans, sem hann hefur ekki hitt í fjölda ára, hefur horfið á dularfullan hátt einsetur hann sér að finna hana, sama hvað það kostar. Leitin leiðir í ljós ýmislegt sem hann vissi ekki, bæði um hann sjálfan og fólkið í kringum hann. Aðalhlutverk: Lennie James, Suranne Jones og Stephen Graham. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Þjóðargersemi**
**00.00 Kastljós**
**00.15 Menningin**
**00.25 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Honda Classic
**12.00** PGA Highlights
**12.55** The Honda Classic
**16.55** PGA Highlights
**17.50** Golfing World
**18.40** The Honda Classic
**23.40** Golfing World

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.45** Survivor
**14.55** Ally McBeal
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Crazy Ex-Girlfriend
**20.30** Lifum lengur
**21.05** FBI
**21.55** The Gifted
**22.40** Salvation
**23.25** The Tonight Show

### RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Flugur Egill Ólafs, Júníus Meyvant og Lay Low
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Til allra átta
**15.00** Fréttir
**15.03** Í ljósi skáldsögunnar - um verk Milan Kundera
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** HátalarinnHér og nú!
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV Krakkafréttir vikunnar
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.35** Mannlegi þátturinn
**21.35** Kvöldsagan. Ör. Sögulok
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Passíusálmar
**22.15** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.40** Dear Eleanor
**14.10** My Big Fat Greek Wedding 2
**15.45** Middle School. The Worst Years of My Life
**17.20** Dear Eleanor
**18.50** My Big Fat Greek Wedding 2
**20.25** Middle School. The Worst Years of My Life
**22.00** Dragonheart
**23.45** Triple 9
**01.40** The Purge. Election Year
**03.30** Dragonheart

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Kalli á þakinu
**07.45** Friends
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Suits
**10.20** Jamie's Super Food
**11.05** Veep
**11.35** Um land allt
**12.10** Í eldhúsinu hennar Evu
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor UK
**14.35** The X-Factor UK
**15.25** The Goldbergs
**15.50** The Bold Type
**16.35** Besti vinur mannsins
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** Modern Family
**19.50** Lego Masters
**20.40** Catastrophe
**21.05** The Enemy Within
**21.50** Strike Back
**22.40** Last Week Tonight with John Oliver
**23.10** Grey's Anatomy
**23.55** Suits
**00.40** Lovleg
**01.00** Broadchurch
**02.35** Broadchurch
**03.25** Six
**04.10** Six
**04.50** NCIS

### STÖÐ 3

**19.05** Modern Family
**19.30** Silicon Valley
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** One Born Every Minute - What Happened Next
**21.40** Supernatural
**22.25** Game of Thrones
**23.30** Man Seeking Woman
**23.50** Gotham
**00.35** Modern Family
**01.00** Silicon Valley
**01.30** Seinfeld
**01.55** Tónlist

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Stjarnan - Njarðvík
**08.40** Domino's körfuboltakvöld
**10.20** West Ham - Newcastle
**12.00** Manch. United - Southampton
**13.40** Sheffield Wednesday - Sheffield United
**15.20** Football League Show
**15.45** Bournemouth - Manch. City
**17.25** Tottenham - Arsenal
**19.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**19.30** Meistaradeildin - upphitun
**19.50** Dortmund - Tottenham Bein útsending
**22.00** Meistaradeildarmörkin
**22.30** Real Madrid - Ajax
**00.20** UFC Now

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10** Fylkir - ÍBV
**08.50** Lazio - Roma
**10.30** AC Milan - Sassuolo
**12.10** Ítölsku mörkin
**12.40** Real Sociedad - Atletico Madrid
**14.20** Spænsku mörkin
**14.50** Leganes - Levante
**16.30** Stjarnan - Njarðvík
**18.10** Domino's körfuboltakvöld
**19.50** Real Madrid - Ajax Bein útsending
**22.00** Premier League Review
**22.55** Dortmund - Tottenham
**00.45** Meistaradeildarmörkin

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




# Saltkjöt og baunir **- túkall!**

Í dag, sprengidag, færðu
ekta saltkjöt og baunir
fyrir gamlan túkall
– eða 495 krónur!





**495,-**

(eða gamlan túkall)

Réttúrinn er aðeins
í boði í dag kl. 11:00-20:30

Ókeypis ábót
á baunasúpuna

© Inter IKEA Systems B.V. 2019

IKEA

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - **IKEA.is**




Við opnunarathöfnina voru viðstödd femínistafélög úr átta framhaldsskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Gestir opnunarathafnarinnar kunnu að meta veitingarnar.






# Suðað samþykki er ekki samþykki

*Átakinu Sjúkást var hrint af stað í annað sinn við athöfn í Fjölbrautaskólanum við Ármúla í gær.* **Sólborg Guðbrandsdóttir** *var ein þeirra sem héldu tölu þar.*

Verkefnið Sjúkást sem er á vegum Stígamóta hefur það að markmiði að fræða ungmenni um mörk og samþykki með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi. Slagorð átaksins í ár er: „Ég virði mín mörk og þín.“

Sólborg Guðbrandsdóttir er ein af fjórum ungmennum sem lögðu Sjúkást átakinu lið í ár. Ungmennin eru öll þekkt og halda úti vinsælum Instagram-reikningum – en þau hafa líka öll lagt sitt af mörkum til baráttunnar gegn ofbeldi þó með ólíkum hætti sé. Sólborg hefur haldið úti Instagram-reikningnum Fávitar þar sem sönnum dæmum um stafræna kynferðislega áreitni er póstað.

Sólborg sagði frá því í pontu að þó hún hafi sjálf ekki verið í ofbeldissambandi þá hafi hún fengið gríðarlega margar sögur af ofbeldissamböndum í gegnum Instagram-reikninginn Fávitar sem hún hefur haldið úti í nokkur ár. „Mig óraði ekki fyrir að sögurnar væru svona ótrúlega margar og ég hef bara heyrt brotabrot af þeim, sem er ótrúlega sorgleg en á sama tíma bláköld staðreynd.“

**Makar eiga ekki sjálfkrafa aðgang að líkama okkar**

Grípum niður í erindi Sólborgar: „Ég er ekki með ykkur hérna núna til að þykjast vera eitthvað betri en þið eða að halda því fram að ég geri ekki mistök þar sem ég er sjálf líka alltaf að læra. Ég hef virkilega lært af herferðum eins og til dæmis MeToo, FreeTheNipple og nú Sjúkri Ást, um það hvernig ég geti bætt mig í samskiptum mínum við aðra og hvernig ég geti haldið áfram að æfa mig í því að virða mörk annarra og mín eigin.

En hvað er það sem býr til þessa menningu þar sem ofbeldi fær að viðgangast? Hvenær förum við sem samfélag að halda það að makar okkar ættu sjálfkrafa einhvern aðgang að líkama okkar, fyrir það eitt og sér að vera makar okkar? Og hvenær gleymdist það að virða nei? Staðreyndin er því miður sú að við búum á tímum klámvæðingar þar sem suðað samþykki þykir oft á tíðum sexí en það er nauðsynlegt að fólk geri sér grein fyrir því að suðað samþykki er ekki samþykki. Ef ég hef sagt nei tíu sinnum, þýðir ekki að mig langi til þess ef ég gefst upp á þér í ellefta skipti. Þið eigið ykkur sjálf, í kringum fjölskyldu okkar og vini, á djamminu, í skólanum eða nakin uppi í rúmi með kærastanum/kærustunni ykkar. Alltaf og alls staðar.“

bjork@frettabladid.is




Sólborg sagðist hafa fengið gríðarlega margar sögu af ofbeldissamböndum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**EF ÉG HEF SAGT NEI TÍU SINNUM, ÞÝÐIR EKKI AÐ MIG LANGI TIL ÞESS EF ÉG GEFST UPP Á ÞÉR Í ELLEFTA SKIPTI.**

MARS | 2019




Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar

# Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS YI 20 513 ←

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




*Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201*

**Frumherji**
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is







Sævar segir okkur öll þurfa að leggjast á eitt en sjálfur hafi hann skorið niður allan óþarfa.

# Börnin þurfa að glíma við afleiðingarnar

Ný íslensk þáttaröð, Hvað höfum við gert?, hefur göngu sína sunnudaginn 10. mars á RÚV en umsjónarmaður þáttanna er **Sævar Helgi Bragason**.

Þáttunum sem verða 10 talsins er ætlað að útskýra loftslagsmál á mannamáli. Rýnt verður í afleiðingar og áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jarðar og samfélög um allan heim. Skoðað verður hvernig neysluhyggja nútímans hefur haft áhrif á loftslagsbreytingar og hvað fólk þarf að gera til að draga úr breytingunum og aðlagast nýjum lifnaðarháttum.

Sævar Helgi segir vinnslu við þættina hafa hafist fyrir næstum þremur árum þegar þau Þórhallur Gunnarsson og Elín Hirst hittust og lögðu drög að þeim. „Mín aðkoma hófst snemma á síðasta ári þegar mér var boðið að vera umsjónarmaður þáttanna. Þau vildu að umsjónarmaðurinn hefði bakgrunn í vísindum og gæti útskýrt flókna hluti á einfaldan hátt, sem ég vona innilega að hafi tekist. Þetta er draumur að rætast.“

Aðspurður segir Sævar þættina vera ætlaða ungmennum og upp úr en sennilegast sé markhópurinn einna helst fullorðið fólk. „Loftslagsmál varða okkur öll svo ég ætla að vona að fólk á öllum aldri horfi á þættina og foreldrar með börnunum sínum. Börnin eru nú einu sinni þau sem þurfa að glíma við afleiðingar gjörða foreldra sinna og kynslóðanna á undan. Svo veit ég að grunnskólakennarar eru mjög spenntir fyrir þáttunum.“


Í fyrsta þætti Hvað höfum við gert? verður fjallað um loftslagsbreytingar á jörðinni. Hvað veldur þessum breytingum og hvenær byrjuðu þær? Hvaða áhrif hafa þær á jörðina og hvernig er hægt að bregðast við þeim?

> ÉG HEF LÍKA FÆKKAÐ FLUGFERÐUM EN ÞAÐ ER ERFIÐAST FINNST MÉR, ÞVÍ ÉG HEF EINS OG SVO MARGIR ÓSKAPLEGA GAMAN AF ÞVÍ AÐ SKOÐA JÖRÐINA. ÞAÐ ER ÚTILOKAÐ AÐ VERA FULLKOMINN OG LIFA KOLEFNISHLUTLAUSU LÍFI EN ALLAR BREYTINGAR SEM VIÐ GERUM Á LÍFSSTÍL OKKAR, SEM ÞVÍ MIÐUR EINKENNIST AF SÓUN, ERU AF HINU GÓÐA.

## Erfiðast að fækka flugferðum

Sævar sem er jarðfræðingur að mennt segist hafa verið ástfanginn af náttúrunni frá því hann man eftir sér enda sé ekkert jafn heillandi eins og heimurinn sem við búum í. „Ég hef séð meira af alheiminum en margir aðrir og uppgötvað smæð jarðar en um leið hversu ótrúlega dýrmæt hún er. Hún er viðkvæm og það þarf ekki mikið til þess að breyta henni. Eftir að ég áttaði mig á því hef ég verið mikill umhverfisverndari og reyni mitt allra besta í að fræða aðra og ganga á undan með góðu fordæmi. Síðustu kannski tvö til þrjú árin hef ég reynt að tala enn meira um umhverfismál því þau eru mikilvægustu málefnin. Án heilnæms vistkerfis og umhverfis erum við ekkert.“ Sjálfur segist Sævar hafa gert margar breytingar á eigin neysluvenjum. „Allar breytingar sem ég hef gert í átt að vistvænum lífsstíl hafa verið jákvæðar. Allar. Ég hef algerlega skorið niður allan óþarfa. Þá á ég meiri pening sem ég get notað í mikilvægari hluti.

Ég reyni mitt allra besta til að draga úr matarsóun og hjóla og geng meira. Með meiri hreyfingu lagast svefninn og heilsan er betri. Ég hef líka fækkað flugferðum en það er erfiðast finnst mér, því ég hef eins og svo margir óskaplega gaman af því að skoða jörðina. Það er útilokað að vera fullkominn og lifa kolefnishlutlausu lífi en allar breytingar sem við gerum á lífsstíl okkar, sem því miður einkennist af sóun, eru af hinu góða.“

*Ef þú gætir ráðlagt þjóðinni að breyta einhverju einu, hvað væri það helst?*

„Góð en erfið spurning því við þurfum að taka okkur taki á öllum sviðum – og allir, hver einn og einasti, þarf að leggja sitt af mörkum. En ætli ég mundi ekki byrja á að ráðleggja fólki á að draga úr matarsóun. Matarsóun er ótrúlega sóðaleg, ekki bara umhverfislega séð heldur líka fjárhagslega. Það kemur sér vel fyrir budduna hjá öllum að minnka matarsóun og nýta þá tækifærið í leiðinni til þess að hreyfa sig meira. Frábær leið til að spara er að draga úr sóun en þannig lífsstíll er líka umhverfisvænn. Bara kýla á breytingarnar með jákvæðu hugarfari,“ segir Sævar að lokum.

bjork@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**1.098** kr. kg

**SS Saltkjöt**
Blandað

BITAR ÚR FRAMHRYGG



**1.898** kr. kg

**SS Saltkjöt**
Valið

NÝTT Í BÓNUS




1kg

FULLELDAÐ
Aðeins að hita

**1.598** kr. 1 kg

**Baunasúpa og Saltkjöt**
1 kg, fulleldað



**579** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasaltkjöt**
2. flokkur



**1.298** kr. kg

**Kjarnafæði Saltkjöt**
Blandað

BITAR ÚR FRAMHRYGG



**1.998** kr. kg

**Kjarnafæði Saltkjöt**
Valið



Íslenskt lambakjöt á
SPRENGIDAGINN



**298** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasíður**
Saltaðar



**998** kr. kg

**Íslandslamb Saltkjöt**
Blandað

45% minna salt sama bragð



**1.098** kr. kg

**Íslandslamb Saltkjöt**
Saltskert, blandað

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

Ómissandi í
BAUNASÚPUNA



**398** kr. 500 g

**Bónus Beikonkurl**
Íslenskt, 500 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **10. mars** eða meðan birgðir endast.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Hauks Arnar Birgissonar




## Leikjafræði

Nokkur verkalýðsfélög ætla nú í verkföll eftir að hafa slitið kjaraviðræðum. Fyrsta verkfallið var samþykkt með 89% greiddra atkvæða. Þrátt fyrir afgerandi niðurstöðu hafa Samtök atvinnulífsins höfðað dómsmál fyrir Félagsdómi til að fá skorið úr um lögmæti verkfallsins. Hvað sem líður lögfræðilegri niðurstöðu málsins, þá hlýtur fyrirkomulag kosninganna að teljast áhugavert.

Í kosningunum hjá Eflingu voru 7.950 félagsmenn með atkvæðisrétt. Þessir félagsmenn gegna alls konar störfum og reyndar er það svo að langflestir þeirra, eða 91%, starfa ekki við ræstingar á hótelum. Verkfallinu er hins vegar einungis ætlað að taka til þeirra 700 félagsmanna sem starfa við slíkar ræstingar.

Efling ákvað að nýta sér ekki heimild í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, sem heimilar eingöngu þeim sem verkfallið tekur til, að kjósa um það hvort farið skuli í verkfall. Í þessum kosningum fengu allir að kjósa um það hvort lítill hluti félagsmanna færi í verkfall. Í verkfallskosningunni tóku þátt 862 félagsmenn og af þeim voru 769 sem greiddu atkvæði með verkfalli ræstingarfólksins. Það þýðir að 9,7% félagsmanna fá að senda heila starfsstétt í verkfall.

Til að bæta gráu ofan á svart, þar sem kosningin var leynileg, er útilokað að vita hvort nokkur einasta manneskja sem starfar við ræstingar hafi kosið með því að fara í verkfall. Það gæti meira að segja verið svo að öll hafi þau kosið gegn verkfalli! En í krafti „meirihlutakosningar“ verður fámennur hópur sendur út á vígvöllinn, í von um að vinnustöðvun hans dugi til þess að knýja fram kjarabætur fyrir alla hina, sem koma ekki nálægt ræstingum á sínum vinnustað.








